

# PÜLSINN

SKÓLABLAÐ  
GRUNDASKÓLA  
2. tbl. - 12. árg.  
Nóvember 2006



## Grundaskóli 25 ára

## ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ TÓNLISTARFÓLKS


Markmið Tónastöðvarinnar hefur frá upphafi verið og er enn að þjóna tónlistarfólki á öllum sviðum. Meðal annars leggjum við mikla áherslu á þjónustu við nemendur í tónlist og tónlistarkennara með því að bjóða upp á eins mikið úrval gæðahljóðfæra og nótnabóka og kostur er á litlum markaði – og að sjálfsgöðu á sem hagstæðustu verði.

Aðalsmerki verslunarinnar hefur ávallt verið að veita faglega og persónulega þjónustu. Þrátt fyrir hinn gríðarlega vöxt verslunarinnar á stuttum tíma hafa eigendur og starfsfólk ekki misst sjónar á meginmarkmiðinu; að þjóna viðskiptavinunum af alúð, kostgæfni og fagmennsku. Allt frá upphafi hefur Tónastöðin átt þeirri gæfu að fagna að hafa í sinni þjónustu úrvals starfsfólk með mikla þekkingu á sínu sviði. Það er því engin tilviljun að Tónastöðin hefur á innan við tveimur áratugum breyst úr litlu heimilisfyrirtæki í stærstu og veglegustu hljóðfæra- og nótnaverslun landsins – þjónustumiðstöð tónlistarfólks.

Í Tónastöðinni finnur þú einstakt úrval hljóðfæra á góðu verði, nótur og fylgihluti.

Hjá okkur færðu faglega þjónustu, byggða á þekkingu og áralangri reynslu.

Tónastöðin • Skipholti 30d • sími: 552 1185 • [www.tonastodin.is](http://www.tonastodin.is)



 **TÓNASTÖÐIN**  
Allt fyrir tónlistarmanninn

## PÚLSINN

### Skólablað

Grundaskóla, Akranesi

**Ábm.:**

Guðbjartur Hannesson

**Ritnefnd:**

Elín Björk Davíðsdóttir, Friðrika Eygló Gunnarsdóttir, Hjördís Dögg Grímarsdóttir, Kristrún Dögg Marteinisdóttir, Leó Jóhannesson, Margrét Ákadóttir

**Umsjón með útgáfu:**

Leó Jóhannesson

**Auglýsingastjóri:**

Sigurður Arnar Sigurðsson

**Ljósmyndir:**

Elís Þór Sigurðsson, Hjördís Grímarsdóttir o.fl.

**Ljósmynd á forsíðu:**

Þórður Elíasson

**Prentvinnsla:**

Prentmet Vesturlands



Heimasíða Grundaskóla:

[www.grundaskoli.is](http://www.grundaskoli.is)

Neffang Grundaskóla:

[grundaskoli@grundaskoli.is](mailto:grundaskoli@grundaskoli.is)


## Til lesenda

Í maí á þessu ári hófst undirbúningur 25 ára afmælishátíðar Grundaskóla. Sett var á laggirnar afmælisnefnd sem skyldi hafa veg og vanda af skipulagningu hátíðahalda í tilefni afmælisins. Eins og fram kemur hér í blaðinu þá var mikið um dýrðir og engum hinna fjölmörgu gesta gat dulist að hér færi fram fjölbreytilegt og lifandi starf í lifandi samfélagi. Gaman var að sjá hve gamlir nemendur voru áberandi í fagnaðinum. Lögðu margir hönd á plög til að svo vel tækist til.

Í tilefni afmælisins var einnig samþykkt að gefa út sérstaka afmælisútgáfu af skólablaðinu Púlsinum. Skipuð var ritnefnd sem hófst strax handa við að safna efni í blaðið. Sú stefna var tekin að leita jafnt til nemenda og starfsfólks um efni í blaðið en að þáttur hinna síðarnefndu yrði þó meiri en oft áður. Kennir hér ýmissa grasa og má segja að hið fjölskrúðuga efni sem hér getur að líta vitni að sínu leyti um það starf sem hér fer fram. Einnig má í blaðinu finna áhugaverð brot úr 25 ára sögu skólans í máli og myndum m.a. í viðtölum við gamalgróid starfsfólk og brautskráða nemendur.

Um leið og við þökkum öllum þeim sem hafa lagt blaðinu til efni og stutt við bakið á útgáfu þess með öðrum hætti, þá óskum við Grundaskóla og unnendum hans nær og fjær alls hins besta í framtíðinni.





**MODEL**

Stíllholt 16-18 Akranesi sími: 431 3333

Hrönn Ríkharðsdóttir, aðstoðarskólalastjóri:

## Grundaskóli 25 ára



**K**æru lesendur. Það er mér mikil ánægja að ávarpa ykkur í tilefni af 25 ára afmæli Grundaskóla.

Skólastarf í Grundaskóla hefur auðvitað tekið margháttuðum breytingum á þessum tíma en ákveðin grunnildi skólastarfsins eins og gagnkvæm virðing, traust og hvatning hafa haldið velli og munu vafalaust gera það áfram. Þegar litið er til baka má segja að starfsmenn, foreldrar og ekki síst nemendur hafi gert skólann að því sem hann er. Farsælt samstarf þessara aðila er lykillinn að öflugri skólastarfi í Grundaskóla.

Nemendur eru hornsteinn þess starfs sem fram fer í skólanum og hagsmunir þeirra ávallt hafðir að

leiðarljósi. Við trúum því að velliðan nemenda sé forsenda þess að þeir nái árangri. Nemendur hafa jafnan notið verðskuldaðs trausts og æði margir litið á skólann sem sitt annað heimili. Það viðhorf að nemendur útskrifist úr skólanum en yfirgefi hann aldrei segir meira en flest annað.

Sagt hefur verið að Grundaskóli sé góður skóli af því að þar eru frábærir nemendur sem eiga góða foreldra. Við sem tilheyrum skólafélaginu höfum verið ófeimin við að segja þetta upphátt bæði innan skólans og utan hans. Við litum svo á að ef við erum ekki stolt af skólanum okkar og tilbúin til að bera hróður hans víða þá gera það engir. Þetta viðhorf hefur

orðið ríkjandi og kom berlega í ljós þegar nemendur og foreldrar tilnefndu skólann til íslensku menntaverðlaunanna árið 2005. Það voru stoltir nemendur, foreldrar og starfsmenn sem tóku við þeim verðlaunum þegar þau voru veitt í fyrsta sinn.

Þegar 25 ára afmæli Grundaskóla er fagnað ber að þakka öllum þeim sem hafa lagt gjörva hönd á plóginn í gegnum tíðina og óska þess að framtíð skólans verði jafnfarsæl og sá tími sem liðinn er. Með öflugum samstarfi allra sem koma að skólastarfinu er næsta víst að svo mun verða.



Tónlistarverkefnið ungrir gamlir

Mikil gróska hefur verið í tónlistarlífi Grundaskóla frá upphafi vega. Samsöngur, Hátónsbarkinn, Hæfileikakeppnin og hinir velrómuðu söngleikir hafa öðlast fastan sess. Og nú hefur enn ein rósinn bæst í hnappagat hinna tónelsku Grundskælinga. Það er „tónlistarverkefnið ungrir gamlir“, sem er sam-

starfsverkefni gunnskólanna á Akranesi og Menningarssjóðs Vesturlands. Þar hafa þjóðþekktir tónlistarmenn og gamlir jafnt sem ungrir músikantar af Skaga leitt saman hesta sína í alls kyns músiktilraunum. Hápunkturinn í þessu öllu voru afar velheppnaðir tónleikar í Bíóhöllinni þann 7. nóvember s.l.

## Hvar eru þau nú? 1972



**Nafn:** Heimir Fannar Gunnlaugsson.

**Búseta:** Jörundarholt 142, Akranesi.

**Fjölskylduhagur:** Giftur og á 2 börn, Aldís Ylfu í 5. bekk Grundaskóla og Árna Salvar á Holti Garðaseli.

**Hvað ert þú að fást við í dag?** Ég er viðskiptastjóri fyrir alþjóðlegt ráðgjafa og hugbúnaðarfyrtæki sem heitir AppliCon. Við erum með skrifstofur á Íslandi, Danmörku og Bretlandi og ég er því mikið að þvælast á milli stada. Mitt hlutverk er að selja hugbúnaðarlausnir og búa til viðskiptatækifæri.

**Eftirminnilegt atvik/saga úr Grundaskóla:** Ég átti frábær ár í Grundaskóla og lagði meðal annars grunninn að ýmsu því sem ég er að gera í dag. Eitt það eftirminnilegasta var þegar Lars heitinn Andersen fékk mig og tvær dómur til að vinna útvarpsþátt á útvarpi RÓT í Reykjavík. Ég, Ásdis Viðarsdóttir og Kristín Sigurvinsdóttir tókum þátt í þessu og unnum 2-3 þætti á útvarpi RÓT. Þó var eftirminnileg ein ferðin sem við fórum því að við þurftum að keyra fyrir Hvalfjörð og það var frekar hált og Lars var að keyra. Við brúna hjá Laxá í Kjós mætti okkur hálkublettur þannig að þegar Lars kom út úr beygjuni hringsnerist bíllinn og snéri alveg öflugur á veginum og allir öskruðu. Lars hélt náttúrulega ró sinni og brosti til okkar og sagði „... þetta var nú bara létt...“, en á saman tíma spruttu svitardroparnir á enninu á honum. Þetta var eftirminnilegt. Annars var Lars alveg frábær maður sem kom mér í kynni við tölvurnar, eitthvað sem ég er að fást við enn þann dag í dag.

**Lokaorð:** Skora á nemendur Grundaskóla að taka þátt í íþróttum - þið sjáið ekki eftir því.

# Skóladagvistin Grundasel

Skóladagvistin Grundasel hefur verið starfrækt hér í Grundaskóla síðan 1996 og hefur starfsemi hennar aukist mikið síðan þá.

Frá því að vera með um 26 börn (8 börn fyrir hádegi og 18 eftir hádegi) fyrsta árið, þá hefur fjöldi barnanna aukist jafnt og þétt.

Foreldrum/Forráðamönnum barna úr 1.-4. bekk stendur til boða að nýta dagvistina fyrir börn sín og eru tæplega 90 börn skráð hjá okkur í dag.

Markmiðið hjá okkur sem vinnum við dagvistina er, að skapa notalegt og heimilislegt andrúmsloft þar sem börnunum líður vel og þau geta notið sín í frjálsum leik þar sem sköpunargleðin fær að ráða ríkjum.


Á meðan að börnin dveljast í dagvistinni er boðið upp á klemmuval, þar sem börnin velja á milli margskonar leikja og afþreyingarefna. Eins og bílaleikja, hlutverkaleikja, dúkkuleikja, útiveru, boltaleikja, kubbaleikja, lita, perla, playmoleikja og svo mætti lengi telja. Mjög vinsælt er t.d. hjá börnunum að gera leikrit. Þá eru þau með söngleiki á geisladiskum (t.d. Ronja Ræningjadóttir) og eru að leika og syngja með. Í vor var mikið um að börnin væru að uppfæra söngleikinn Hunangsflugur og villiketti og kunnu þau flest orðið



öll lögin utanað. Þetta er mjög flott hjá börnunum og eru þau mörg hver tvímælaust tilvonandi söngvarar og leikarar.

Heimanám er fyrir 2.-4. bekk á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 13:00-14:00, þannig að hér eru börnin bæði í leik og starfi.


„Er núna skóladagvist?“, „til hvað er ég í dagvist?“, „Ég er



mættur, villtu skrá mig?“, „Er skotabolti í dag?“ eru nokkrar af þeim mörgu spurningum sem við starfsfólkið í dagvistinni fáum á hverjum degi. Spenningurinn er mikill, að fara að leika og oft mikið að gera á stóru heimili. Börnin eru snillingar í að aðlagast nýjum aðstæðum, eru hjálpsöm og dugleg að taka tillit hvert til annars og því er lítið um árekstra.

Í haust hóf Frístundaskólinn göngu sína á vegum Akranesbæjar.

Frístundaskólinn er í boði fyrir alla 6 og 7 ára nemendur skólans og er 2x í viku í 40 mínútur í senn.



## Hvar eru þau nú? 1979



**Nafn:** Heiðrún Lind Marteinsdóttir

**Fjölskylduhagur:** Er í sambúð Búseta: Bý í Reykjavík

**Hvað ert þú að fást við í dag?** Ég er á fimmta ári við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Meðfram skólanum hef ég tekið ástföstri við stjórnmál og almenna þjóðmálaumræðu.

**Eftirminnilegt atvik úr Grundaskóla?** Það er eitt atvik sem mér þykir nokkuð broslegt í dag - en þegar ég var átta ára þótti mér það síður en svo broslegt, mér þótti það raunar endir veraldar á þeim tíma. Þannig var í pottinn búið að svokallaðar bekkjarbækur þóttu mjög móðins á þessum tíma. Í einni tegund þessara bekkjarbóka, sem Maren bekkjarsystir mín átti, var spurt hvert framtíðarstarfið væri. Þar sem samvisskusemi mín hefur í gegnum tíðina jaðrað við manísku, svaraði ég spurningunni auðvitað eftir bestu getu. Ég ætlaði að sjálfsgöðu að verða fegurðardrottning! Mér þótti spurningin raunar fánæg þvi svarið var þeim mun augljósara. Feegurð mín átti auðvitað að vera öllum kunn og dásamlegt líf fegurðardrottningar var í huga mínum einungis handan við hornið! Til að gera langa sögu stutta þótti bekkjarfélögum mínum svar mitt fánæglegt - mér var skýrlega tjáð í hæðnistón að fegurðardrottning væri ekki starf. Ha? Hvernig í dauðum dauðanum gátu átta ára krakkar með allt of stórar fullorðinstennur og mjólkuskegg sagt mér að ég gæti ekki starfað sem fegurðardrottning? Ég var eyðilögð - átta ára viðbúðaríkum lífsferli mínum var lokið!

Þrátt fyrir að hafa afneitað staðreyndum í nokkur ár hefur það nú runnið upp fyrir mér að líf fegurðardrottningar verður aldrei mitt. Ég hætti að stækka um það leyti sem ég svaraði spurningunni afdrifaríku, ég hef ekki trú á heimsmátt og satt að segja hef ég aldrei tekið mig vel út í háhæluðum skóm við sundföt. Lögfræðin var því næst besti kosturinn í stöðunni. Lífsins gæðum er auðsýnilega misskipt.



Katrín Harðardóttir er skólastjóri skólans og auk hennar kenna við skólann Steindóra Sigríður Steinsdóttir (Dódó) og Sigrún Vigdís Gylfadóttir.

Í íþróttaskólanum taka nemendur þátt í mismunandi íþrótt- og tómstundagreinum sem stuðla að samvinnu, tillitsemi og jákvæðum samskiptum. Þau læra grunn-

tækni íþróttagreinanna og undirstöðureglur í gegnum æfingar og leiki sem þjálfa alla þroskaþætti á sem fjölbreyttastan hátt.

Markmið skólans er líka að börnin öðlist jákvætt viðhorf til íþróttar og tómstunda sem nýttist þeim til að velja sér hreyfingu og tómstundir seinna meir og stuðla þannig að aukinni iðkun frá unga aldri.

Afmæliskveðjur,  
Sigrún Vigdís Gylfadóttir  
deildarstjóri skóladavistarinnar Grundasels.



## GT Tækni - Grundartanga



GT Tækni - Grundartanga  
www.gtt.is

Aðalnúmer 431 3500  
Fax 432 0310  
gtt@gtt.is  
www.gtt.is  
Rafr. verkstæði 432 0297  
(Sævar 860 6197)  
saevar@gtt.is

- Vélvirkjun
- Rafrvirkjun
- Rafeindavirkjun
- Vinnuvélaúgerðir
- Nýsmíði
- Járnsmíði
- Rennismíði
- Lagerhald
- Efnissala
- Olíusala
- Háþrýstislöngur
- Verslun



GT Tækni - Grundartanga  
www.gtt.is

Véla- og verkstæði 432 0295  
(Gylfi 860 6195)  
gylfi@gtt.is  
Verslun/lager 432 0292,  
432 0298, 432 0305  
Fax 432 0213  
lager@gtt.is

# 1. bekkur 2006-2007




Við í 1. bekk erum 42 nemendur. Kennararnir okkar heita Kalli, Karen og Kristrún. Hérna fáid þið að sjá kennarana sem eru svo heppnir að fá að kenna okkur í vetur.

Eins og sjá má er þetta allt

prýðis fólk. Þarna er hann Kalli, hann er voða góður kennari, hann er sko ekki jafn strangur og hann litur út fyrir að vera á þessari mynd. Karen kennslukona er næst, henni finnst svo gaman að kenna okkur stafina og vonandi getum

við lesið mikið eftir veturinn. Stundum kennir hún okkur líka að dansa. Kristrún kemur stundum til okkar og það er ágætt því þá fáum við að vinna með öllum þremur KKK kennurunum okkar sem árgangur.



## Gullkorn frá okkur í 1. bekk

Í hádegismat kallaði einn nemandinn á kennarann sinn og sagði með stolti og mikilli áherslu:

„Sko ég sagði við mömmu að þú værir besti kennari í heimi.“

Eftir sögu frá kennara um tvo nemendur sem höfðu farið af skólalóðinni í leyfisleysi sagði einn með miklum áhyggjusvip „Og eru þau ennþá týnd?“


„Sko Karen, þú verður að fara að fara í klippingu, toppurinn er orðin svo síður.“

„Heyrðu, kennari! Þú ert ekki lengur með flisar í andlitinu?“

Flisar, hvað ertu að tala um? segir kennarinn. „Ei þú ert ekki lengur með svona skegg.“


„Heyrðu golfkennari, hvað á ég að gera?“

Úti í frímínútum á fystu dögum skólans vantaði einum nemanda smá aðstoð við að finna vin sinn. Hann hnippir í 59 ára starfsmann og segir: „Ert þú í 10. bekk?“



Við erum einstök

Við erum í 1. bekk





## Brúum bilið

Það eru ólíkir starfshættir og umhverfi í leikskóla og grunnskóla og því oft mikil breyting fyrir barn að fara á milli þessara skólastiga. Reynslan hefur sýnt að samvinna og tengsl þessara skólastiga veitir börnum mikið öryggi á þessum tímamótum. Því

hafa leikskólar og grunnskólar á Akranesi lagt mikið upp úr því að efla samstarf sín á milli. Grundaskóli er þar engin undantekning.

Formlegt samstarf hófst með Grundaskóla og Garðaseli árið 1996 með þemaverkefninu „skólinn minn“. Guðlaug Sverrisdóttir, leikskólakennari ásamt Ástu Egilsdóttur kennara eiga heidurinn að upphafi þessa samstarfs.

Fram að þeim tíma fólst samstarfið aðallega í því að nemendur í elsta árgangi leikskólanna komu í stutta heimsókn í grunnskólana einu sinni á ári. Þar skoðuðu börnin skólastofuna og unnu e.t.v. einfalt verkefni. Fljótlega fylgdu fleiri leikskólar eftir og nú í dag eru allir leikskólar og grunnskólar á Akranesi þátttakendur í verkefninu.



### Skólastjóraheimsókn

Skólastjóraheimsókn markar upphaf skólaheimsókna vetrarins. Þá heimsækja elstu börn leikskólans þann grunnskóla sem tilheyrir þeirra skólahverfi. Skólastjóri tekur á móti þeim og kynnir þeim fyrir skólanum.

### Gagnkvæmar heimsóknir

Gagnkvæmar heimsóknir hefjast að hausti og standa fram að vorskóla. Vegna nálægðar Grundaskóla við leikskólann Garðasel koma börn frá Garðaseli einu sinni í viku allan veturinn. Á móti fara 1. bekkingar í heimsókn í leikskólann. Börn frá Teigaseli og Vallarseli koma tvisvar á hvorri önn.

### Vorskólinn

Vorskólinn stendur í 4-5 daga og markar lok samstarfsins. Þá taka 1. bekkingar á móti væntanlegum 1. bekkingum. Áhersla er



lögð á að væntanlegir nemendur fái eins viðtæka kynningu á skólanum sínum og aðstæður leyfa. Vorskólinn endar með húllum hæ degi.

Þann 16. og 17. ágúst síðastliðinn var haldið námskeiðið Brúum bilið. Þar komu saman þeir aðilar sem koma að samstarfinu á einn eða annan hátt. Fyrirlesarar voru allir frá Akranesi og höfðu reynslu

af samstarfinu. Námskeiðið mæltist vel fyrir og kom sér vel fyrir þá sem vinna að þessu skemmtilega verkefni.

Einnig hittast þessi tvö skólastig á degi íslenskrar tungu, árhátíð grunnskólanna og á stóru upplestrarkeppninni í 7. bekk.

Hjördís Dögg Grimarsdóttir

### Eftirtaldir aðilar óska Grundaskóla til hamingju með 25 ára afmælið.

Leikskólinn Garðasel  
Lögreglan  
Bókasafn Akraness  
Loftorka  
Byggðasafnið  
Bjarni Ólafsson  
Hárhús Kötlu  
Keilir  
Hönnun  
Híbýlamálun Garðars Jónssonar  
Vignir G. Jónsson  
Tölvuþjónustan  
Bónusvídeo  
Prír málara

Bílaverkstæði Hjalta  
Dýrfinna Torfadóttir  
Gísli og Kristján  
Brautin  
Bílver  
Hjólbarðaviðgerðin/Bílanaustr  
Viðskiptaþjónusta Akraness  
Endurskoðunarskrifstofa Jóns Þórs  
Hallssonar  
Jónas Geirsson  
HK-sandblástur  
Stjörmusalat  
Dvalarheimilið Höfði  
Geirsbakarí

**PÚLSINN 8**

**Hannaðu þitt XY kort**

Þetta er þitt kort – Þú RÆÐURI!

Nú getur þú hannað þitt eigið XY-kort. Þú ferð bara á XY.is, setur þína eigin mynd á kortið og áður en þú veist af ertu komin(n) með algerlega einstakt kort í vasann.

Vertu skapandi og gerðu þitt kort einstakt. Farðu á XY.is og klárðu málið!

GLITNIR

www.xy.is

Nýir XY meðlimir fá bísmíða fyrir tvo eða flottan Óðins XY bol í lögungugjöf.

**Postulín sem gleður – Pillivuyt**


**PILLIVUYT**  
FRANCE

- Einstök hönnun
- Mikið úrval
- Frábær ending

Ný sending!  
Skoðið úrvalið í verslun okkar að Réttarhálsi 2

**Rekstrarvörur**  
- vinna með þér  
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is

# 2. bekkur 2006-2007



## Álfapema

Veturinn 2005-2006 unnu nemendur í 1. bekk þemaverkefni um álfa. Nemendur tóku sér góðan tíma í upphafi til að fræðast um þessar dularfullu verur. Þá voru sagðar álfasögur, skoðaðar bækur og teiknaðar myndir af álfum. Þannig áttu nemendur auðveldara með að gera sér í hugarlund hvernig álfar líta út.



Hápunktur þemans var álfaleiðangur í Skógræktina. Nemendur höfðu undirbúið sig með álfgrímum og voru viðbúnir því að þar gætu leynst álfar. Álfaleiðangurinn tókst afar vel. Nemendur könnuðu hina ýmsu kletta sem leynast í skóginum, hlustuðu á álfasögur og fóru í ýmsa skemmtilega álfaleiki. Einnig skiptu nemendur sér í hópa og könnuðu álfaslóðir með rannsakandi augum í von um að finna ummerki um álfana.

Í framhaldi af skógræktarferðinni unnu nemendur á fjölbreyttan hátt um álfa. Nemendur sömdu m.a. álfasögur, skoðuðu álfa í fréttum, glímdu við álfastærðfræði og bjuggu til álfabústað. List- og verkgreinarnar komu einnig við sögu í vinnu nemenda en þar voru unnin fjölbreytt og skemmtileg verkefni tengd þessu efni.

Öll vinna nemenda var sett saman í fallega álfabók. Í lok

þemans var haldin foreldrasýning vinnu sinni, léku leikrit og sungu þar sem nemendur sögðu frá söngva fyrir foreldra sína.



## Grundaskóli móðurskóli í umferðarfræðslu

**H**austið 2005 var Grundaskóli gerður að móðurskóla í umferðarfræðslu í samstarfi við Umferðarstofu og er það liður í umferðaröryggisáætlun stjórnvalda. Meginmarkmiðið er að efla umferðarfræðslu í grunnskólum og stuðla að fækkun umferðarslysna með markvissri fræðslu. Þrjár samstarfsskólar bættust í hópinn í sumar, einn í hverjum landsfjórðungi og munu þessir fjórir skólar vinna sameiginlega að því að efla umferðarfræðslu í íslenskum grunnskólum með námskeiðahaldi, faglegri ráðgjöf og námsefnisgerð í umferðarfræðslu.



vonandi svo áfram enda stefnt að því að hann verði í sífelldri þróun og í takt við tímann.

### Umferðarvefurinn


Í febrúar á þessu ári vígði Sturla Böðvarsson samgönguráðherra náms- og fræðsluvefinn [www.umferd.is](http://www.umferd.is) við hátiðlega afhöfn hér í Grundaskóla. Vefurinn, er samstarfsverkefni Grundaskóla, Námsgagnastofnunar og Umferðarstofu og er hann afrakstur þróunarvinnu kennara í Grundaskóla sem styrkt var af Rannsóknarráði umferðaröryggismála RANNUM.

Vefnum er skipt upp í nemendahluta annars vegar og kennara- og foreldrahluta hins vegar. Hann er enn í mótum og verður

### Umferðarfræðsla sem hluti af lífsleikni

Umferðarfræðsla í grunnskólum er hluti af lífsleikninámi nemenda. Á náms- og fræðsluvefnum [www.umferd.is](http://www.umferd.is) er að finna fjölbreytt efni sem miðar að því að tengja fræðsluna við aðrar námsgreinar grunnskólans. Áhersla er lögð á að nemendur fái að skoða umferðina út frá mörgum sjónarhornum og að þeir öðlist það viðhorf að ábyrg hegðun í umferðinni hefur áhrif til góðs.


En sú fræðsla sem opinberar



stofnanir inna af hendi verður aldrei nema hluti af því umferðaruppeldi sem þarf að fara fram til að nemendur læri að verða ábyrgir vegfarendur. Þar er hlutverk heimilanna í fyrirrúmi því þar er mótunin sterkust. Það skiptir því miklu máli að heimili og skóli nái öflugri samstarfi á þessu sviði. Umferðin er hluti af daglegu lífi nemenda og mikilvægt að vel til takist með fræðsluna svo fækka megi umferðarslysum.

Asta Egilsdóttir

### Hvar eru þau nú? 1990



**Nafn:** Andri Geir Alexandersson.  
**Fjölskylduhagir:** Laus og liðugur.

**Búseta:** Bý hjá mömmu og pabba, að Ásabraut 21.

**Hvað ert þú að fást við í dag?** Í dag er ég að stunda nám við Verzlunarskóla Íslands í Reykjavík, samhliða því er ég að æfa fótbolta og líkar það mjög vel.

**Eftirminnilegt atvik úr Grundaskóla:** Það sem er eftirminnilegast er án efa það að vera hluti af „strákabekknunum“ en það var alveg svaklega gaman að vera í honum og nutum við til fulls að hafa aðeins stráka í bekknum.

**Lokaorð:** Til hamingju með afmælið Grundaskóli.


## Hreyfistund í Grundaskóla

**F**lestum má vera ljóst að hreyfingarleysi og sjúkdómar tengdir nútíma lífnaðarháttum eru helsta heilbrigðisvandamál okkar samfélags á 21. öldinni. Börnin okkar eru þar ekki undanskilin en útileikir og útivera hafa á síðustu áratugum vikið fyrir sjónvarpi og tölvunotkun. Þar sem beint samhengi er milli líkamslegs atgervis og námsgetu er það skólastarfi mikilvægt að börnin séu sem best undir námið búin og þess vegna eru íþróttir kenndar í grunnskólum landsins. Ef miðað er við að börn í grunnskóla fái sína reglulegu hreyfingu innan veggja skólans þá er ljóst að sá tímafjöldi sem gert er ráð fyrir til íþróttanna í Aðalnámsskrá er ekki nægur til að þau fái þá hreyfingu sem talin er nauðsynleg. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur ásamt öðrum bent á að með fjölgun tíma í skólaíþróttum megi á einfaldan hátt auka hreyfingu barna og unglinga og stuðla þannig að bættum lífskjörum þeirra nú og í framtíð.

Til að koma til móts við aukna þörf á hreyfingu innan veggja skólans hefur Grundaskóli undanfarin sex ár boðið upp á hreyfistundir. Hreyfistundir hafa verið í boði fyrir börn í 1. - 4. bekk sem hafa þannig fengið tækifæri til að sækja fleiri tíma í hreyfingu en Aðalnámsskrá gerir ráð fyrir. Nemendur 1. - 4. bekkjar í Grundaskóla fá því að meðaltali 23 kennslustundir á



ári í hreyfistund en kennslan fer fram í þremur 7-8 vikna lotum.



Kennslan í hreyfistund fer þannig fram að unnið er á stöðv-



um og er leitast við að samþætta námsgreinar. Mikil er t.d. unnið með stærðfræði og íslensku tengt hreyfingu en einnig er farið í leiki, leikræna tjáningu, lífsleikni og skyndihjálp. Markvisst er unnið með helstu líkamsheiti og mikilvægi þess að beita líkamanum rétt.

Mikil áhersla er lögð á að nemendur læri að slaka á og læra þau ýmsar leiðir og æfingar til þess. Með slökun er m.a. leitast við að draga úr spennu en talið er að snerting og nudd verki á móti streitu.

Á síðasta skólaári var bryddað upp á nýjungu í samvinnu milli Garðasels og Grundaskóla. Þá buðu nemendur í hreyfistund leikskólabörnum að koma í leiki og fengu nemendur þannig tækifæri til að kenna öðrum það sem þau höfðu lært um veturinn.

Eitt aðalmarkmið hreyfistundar er að nemendur upplifi gleði og ánægju af þátttöku í leikjum og leikrænum æfingum. Þegar því er náð er áhuginn kviknaður og meiri líkur á því að nemendur stundi sjálfir einhverja líkamsrækt þegar fram í sækir. Börnunum þarf að líða vel og upplifa hreyfingu sem jákvæðan hlut sem síðan verður sjálfsagður hluti daglegs lífs. Tilkoma börnin sér slíkan lífsstíl eru miklar líkur á því að þau bæti heilsu sína og líf til frambúðar.

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir



# 3. bekkur 2006-2007



## Bókin um mig

Í 2. bekk í Grundskóla er hefð fyrir því að vinna stóra bók sem hefur fengið nafnið: „Bókin um mig.“ Hugmyndin að þessari vinnu kviknaði fyrir u.þ.b. 15 árum og í gegnum árin hefur

bókin verið í stöðugri þróun og vaxið mikið. Bókin mótast jafnan af þeim nemendum og kennurum sem vinna hana hverju sinni en hún byggir í meginatriðum á ákvæðum aðalnámskrár í samfé-

lagsgreinum og náttúrufræði og skiptist í eftirfarandi þemu: Ég, fjölskyldan mín, heimilið mitt,





skólinn minn, bærinn minn og landið mitt. Sumir kennarar hafa einnig bætt við verkefnum um sveitina og umheiminn.

Markmiðið með þessari bók var að fá betri yfirsýn yfir vinnu nemenda og auðvelda mat á frammistöðu þeirra í viðkomandi námsgreinum. Einnig var þetta leið til að standa betur skil á námi nemenda gagnvart foreldrum en námsgreinar eins og samfélagsgreinar og náttúrufræði verða oft ósýnilegar á yngsta stiginu þar sem nær eingöngu er unnið með þær í skólanum og þeim fylgja fá heimaverkefni. Sú hefð skapaðist að boða til foreldrakynningar að vori þar sem nemendur kynntu verkefni og lásu upp úr sinni bók en þar var

tekið mið af vinnuaðferðum Sögu- aðferðarinnar (Storyline). Áður voru bæði verkefni og skil á þeim misjöfn eftir bekkjum og einnig það form sem haft var á umgjörðinni um verkefni nemenda.


Bókin er samstarfsverkefni kennara, nemenda, skólalíða og foreldra.

Elin Björk, Eyrún og Sigurveig.



## Svona varð ég til - nokkrar staðreyndir

- Veistu að í upphafi varst þú aðeins ein fruma sem var mynduð úr sáðfrumu frá pabba þínum og eggfrumu úr mómmu þinni?
- Þegar sáðfruma og eggfruma sameinast er talað um að eggjið frjógvist. Þessar tvær frumur verða síðan að fósturi.
- Flest börn eru 9 mánuði í móðurkviði
- Fyrir fæðingu fá börnin næringu og súrefni frá móðurinni um fylgjuna
- Flest börn fæðast á eðlilegan hátt
- Sum börn eru tekin með keisaraskurði
- Sum fæðast í vatni
- Flest börn nærast á móðurmjólkinni fyrstu mánuðina



Bókasafn Grundaskóla:

## Þar sem hjartað slær

Bókasafn í hverjum skóla er eins og hjarta manns. Það andar hlýju frá bókunum og lífið sem þær fela í sér stréymir út um króka og kima. Það fer því vel á því að bókasafnið okkar er einmitt akkúrat í miðju skólans. Ekki spillir fyrir að aðkoman er í hæsta máta vinalæg. Í gegnum víða og háa glugga blasir við hjart og rúmlegt svæði og maður sér að þangað inn er gott að koma. Enda er það afar eftirsóknarvert fyrir bæði kennara og nemendur að koma þangað inn úr erlinum og njóta athvarfs í friði og ró. Þó ekki sé nema í nokkrar mínútur. Samt er engan veginn hægt að segja að að einhver lognmolla sé ríkjandi. Þeir nemendur sem þar eru við iðju sína eru liflegir og virðast una gladdir við sitt hvort heldur sem þeir glugga í blöð og bækur eða pikka verkefni sín á tölvur. Þó leynir sér ekki að einbeittin er til staðar. Hér virðast sumse allir vera uppteknir við vinnu sína og láta ekkert utanaðkomandi trufla. Kannski er það nærvera tveggja kvenna sem hér ráða ríkjum sem hefur þessi áhrif. Þær vinna má segja fyrir opnum tjöldum og maður lítur ekki svo þarna inn að maður ekki sjái þær annaðhvort niðursokknar við skráningu, berandi bækur eða þá á fljúgandi ferð að leysa hvers manns vanda.

Soffia, bókavörður og skólasafnskennari, sem áður var reyndar kennari hér við skólann og þar áður lifeindafræðingur er búin að starfa við bókasafnið í tíu ár og á öðrum fremur heiðurinn af þróun þess og þroska hin síðari ár. Ása, bókavörður sem áður var skólaritari hefur verið í nýja starfinu í rúm tvö ár og líkar það vel.

*Er það ekki Ása?*

Jú, mér finnst starfið mjög liflegt og skemmtilegt og gaman að umgangast áhugasama nemendur.

*Í hverju felst starf þitt?*

Ég sé um talningu og pöntun á kennsluefni frá Námsgagnastofnun og kaup á ritföngum fyrir skólann. Og svo að sjálfsögu almenn störf á bókasafninu.

*Fara krakkarnir vel með skólabækurnar?*

Mikilvægt er að halda vel utan um bækurnar því að námsbækur eru mjög dýrar í dag og oftast ganga krakkarnir vel um þær.

*Soffia! Hvað eru margar bækur á skrá hjá ykkur?*

Á safninu eru um það bil 13.000 bækur.

*En það er fleira en bækur! Hvað geymir safnið meira?*

Já sannarlega er hér fleira en bækur. Við erum til dæmis líka

með hljóðbækur, myndbönd, blöð og tímarit, geisladiska, DVD diska, myndavélar, fartölvur, töfl og spil til útláns.

Svo eru margar nemendatölvur sem mikið eru í notkun.

*Getur þú sagt okkur frá því í stuttu máli úr hverju safnið er sprottið og hvernig það þróadist?*

Þegar Grundaskóli hófst var ekkert eiginlegt bókasafn. En eitt-hvað var til af bókum sem lágu frammi og kennarar og nemendur gátu nálgast og nýtt sér.

En haustið 1983 var safninu komið fyrir í risi skólans og má segja að þá hafi hið eiginlega safn skólans orðið til.

Í byrjun var bókakosturinn ekki mikill, átján hundruð eintök, en bækur fengust frá Námsgagnastofnun og voru keyptar, en auk þess voru nemendur hvattir til þess að auka við safn skólans með bókaöföngum frá heimilunum. Bárust þannig margar bækur og safnið jókst til muna.

Valgeir Gestsson sá upphaflega um bókasafnið eða til vors 1987. Eftir það komu margir kennarar að safninu. Voru það yfirleitt umsjónarkennarar bekkja sem voru í hlutastarfi á safninu.

Meðal kennara sem þannig hafa



starfað við bókasafnið eru Sveinn Kristinnsson, Hrönn Jónsdóttir, Hallbera Jóhannesdóttir og síðast en ekki sist Elisabet Jóhannesdóttir sem vann í mörg ár á bókasafninu.

Frá byrjun var notuð spjaldskrá við útlán bóka. En sumarið 1995 var ráðist í að tölvuskrá bókakostinn í skráningarkerfinu Metrabók. Elsa, Hrönn og ég unnum það verkefni.

Haustið 1995 flutti safnið í nýja stjórnunarálmu skólans þar sem það nú er staðsett.

Enn er safnið í þróun. Eins og mörg önnur bókasöfn tókum við ákvörðun um að ganga inn í nýtt sameiginlegt skráningarkerfi, Landskerfi bókasafna, sem kallast gegnir.is. Höfum við Ása unnið við að tengja bókakost safnsins hinu nýja landskerfi undanfarið ár. Stefnum við á að hefja útlán úr því um næstu áramót.

*Er mikill gestagangur hjá ykkur?*

Já hér er oftast mjög liflegt, sem betur fer. Nemendur koma mikið inn til okkar, oftast til þess að fá að láni bækur, spil og fleira eða nýta tölvurnar, en líka til að slaka á í dagsins önn. Kennarar og annað

starfsfólk skólans koma að sjálf-sögðu hingað til þess að sækja sér bækur eða ritföng.

*Nú kennir þú líka inni á bókasafninu. Er það öðruvísi en inni í kennslustofu?*

Já allt öðruvísi, en líka skemmtilegt. Bókasafnskennslan er þannig að nemendur koma til mín á námskeið 8 til 10 kennslustundir á vetri. Þess vegna kynnist ég þeim ekki eins vel og sem umsjónarkennari. Á móti kemur þó að allir þessir krakkar koma svo líka á safnið til þess að fá lánaðar bækur. Þannig næg ég að umgangast krakka mikið, sem mér finnst alltaf jafn gaman.

*Lesu krakkarnir mikið?*

Já, krakkarnir lesa heilmikið. En nú til dags býðst krökkum svo margt skemmtilegt að gera í frístundum og lestur er bara einn af mörgum möguleikum. En bókin mun alltaf eiga marga góða vini!

*Að lokum. Eigð þið einhver heilræði handa bókaormum?*

**Krakkar!**

**Lestur er gagn og gaman!**

Leó Jóhannesson

### Hvar eru þau nú? 1974



**Nafn:** Hákon Ásgeirsson.

**Fjölskylduhagur:** Í sambúð með Unnari Geir Unnarssyni.

**Búseta:** Starhagi 5, 107 Reykjavík.

**Hvað ert þú að fást við í dag:** Ég lauk 3 ára námi í garðyrkjufraeðum við Garðyrkjuskóla ríkisins árið 1998 og öðrum 3 árum lauk ég í Landbúnaðarháskólanum í vor í blómaskreytingum. Í vetur fór ég einnig á landvarðanámsskeið hjá Umhverfisstofnun og hef verið að vinna sem landvörður í þjóðgarðinum Snæfellsjökull í sumar, en í vetur fer ég að vinna við blómaskreytingar.

**Eftirminnilegt atvik úr Grundaskóla:** Hmm . . . eitthvað eftirminnilegt úr Grundaskóla. Það sem kemur fyrst upp í hugann er kanski að við vorum oft talin frekar erfiðir bekkur enda var bekkurinn okkar fjölmennasti bekkurinn eða 27 krakkar minnir mig. Það var oft erfitt að ná athygli okkar og var þar einn ónefndur kennari í 4. eða 5. bekk sem náði ekki athygli okkar og barði svo fast í kennaraborðið að hún mölbraut á sér hendina og var í fatla margar vikur á eftir.

**Lokaorð:** Árin mín í Grundaskóla sem voru 10 talsins voru í heildina góð. Síðustu 3 árin í gaggó voru hvað erfiðust þar sem ég átti erfitt með að njóta mín sem einstaklingur. Ég lagði mig allan fram við að falla í hópinn, og þóttist vera skotin í hinni og þessari stelpu, ekki var gert ráð fyrir að ég væri skotinn í strák. En þar sem ég var og er samkynhegður var ég alltaf að ljúga að sjálfum mér og öðrum. Vonandi eru breyttir tímar í dag og að krakkar séu ekki stimplaðir gagnkynhægðir. Ég fór á mis við æskuástina.



**GÍSLI JÓNSSON**  
KÖRFUBÍLAÞJÓNUSTA  
OG LEIGA VINNUVELA  
SÍMI 431-3480 - GSM 893-5536



**Barnasmiðjan ehf**

Barnasmiðjan ehf • Gylfaflöt 7 • box 12070  
132 Reykjavík • sími: 5878700 og 5878707  
netfang: barnasmidjan@barnasmidjan.is  
heimasíða: www.barnasmidjan.is

# 4. bekkur 2006-2007



Við í 4. bekk viljum segja frá okkur. Í þessum árgangi eru tveir bekkir, 4. SRR og 4. HKA. Hér erum við öll saman.

Við vinnum vel saman stærðfræði, íslensku, söng, tölvu og fleira. Við erum mikið í hópvinnu og hjálpumst mikið að. Við erum á stærðfræði- og íslenskustöðvum. Þá eru t.d. tveir úr SRR og tveir úr HKA saman á stöð. Það eru 9 stöðvar og þær eru mismunandi. Við skrifum mikið og verðum betri og betri.



Kennararnir eru góðir við okkur og kenna vel. Þær eru sanngjarnar við hvora aðra og krakkana. Þær

búa til góð verkefni og eru aldrei reiðar út í hvora aðra. Við segjum oft að við eigum tvo kennara þrátt fyrir að við séum í sitt hvorum bekknum. Stundum er önnur með báða bekkina, stundum er stelpubekkur og strákabekkur og svo erum við oft öll saman og bæði Hildur Karen og Sibba að kenna okkur. Þær erum alltaf skemmtilegar.

Þegar við erum öll saman þá tölum við um stóra bekkinn.



Á föstudögum látum við ljós okkar skína fyrir framan hina krakkana. Við sýnum leikrit, dönsu, syngjum og segjum brandara. Við gerum þetta til þess að æfa



okkur að koma fram. Það er gott að kunna að koma fram til þess að við getum sýnt á árshátíðinni, þá verðum við meira þorin og ekki eins stressuð.



Við erum heppin að fá að vera svona mikið saman í stóra bekknum af því að við krakkarnir kynnumst betur og verðum betri vinir. Við eigum líka vini í 4. bekk í Brekkubæjarskóla. Þá hittum við tvisvar sinnum yfir veturinn og gerum eitthvað skemmtilegt saman.

Framundan hjá okkur eru samræmdu prófin. Sum okkar eru þínu stressuð en við hlökkum samt til. Þau eiga eftir að ganga vel út af því við erum búin að læra svo mikið.

Seinna í vetur ætlum við að fara að læra um heitt og kalt land. Það verður gaman.

Grundskóli til hamingju með afmælið.

Kveðja „Stóribekkurinn“.





## Enginn dagur eins

Skólaritarinn

Þegar gengið er inn um aðalandyri skólans blasa skrifstofur skólans við á hægri hönd. Í opnu rými á miðsvæði þeirra er aðsetur skólaritara. Við Grundaskóla hafa starfað fjórir skólaritarar. Fyrst til að gegna stöðunni var Aðalheiður Ása Jónsdóttir sem nú gegnir stöðu bóka- varðar hér í skólanum. Ása var skólaritari í samfelld 21 ár, eða frá hausti 1982 til vors 2003, fyrst í hálfu starfi en síðar í 70 % starfi. Haustið 1984 var Guðjónína (Nína) Sigurðardóttir ráðin í hálf starf og starfaði hún með Ásu til febrúar 2001. Við starfi hennar

tók þá Lilja Kristófersdóttir og starfaði hún til hausts 2005, fyrst í hlutastarfi með Ásu en síðar í fullu starfi. Núverandi skólaritari, Hugu-rún Olga Guðjónsdóttir hóf hér störf haustið 2005.

Skólinn hefur verið einkar heppinn með þetta starfsfólk. Það er ekki einasta að þær hafi allar sinnt sínu fjölbreytilega starfi af kostgæfni heldur hafa þær líka sýnt okkur hinum hið ljúfasta viðmót, hver með sínum hætti.

Öllum má vera ljóst að ritara- starfið er erilsamt starf. Til að fræðast nánar um það tókum við Hugu-rúnu Olgu, núverandi ritara,

tali og spurðum hana fyrst hvað fælist einkum í starfi hennar.

Starfið mitt er það fjölbreytt að það yrði langur listi að telja það allt upp. Þó má segja að stór hluti starfs míns sé einkum símsvörun, þjónusta við starfsfólk og nemendur og önnur almenn skrifstofu- störf.

*Hvernig líkar þér starfið?*

Mér líkar mjög vel í vinnunni, enda er góður starfsandi hér í Grundaskóla og starfið mitt er fjölbreytt og lifandi. Það hefur varla komið á dagur að mér hafi leiðst því ég hitti svo margt fólk og yfirleitt gerist eitthvað gott á hverjum degi. Ég fæ svo sem einstaka sinnum verkefni sem eru ekki eins skemmtileg og önnur en sem betur fer eru þau ekki svo stór eða viðamikil að ég sé lengi að klára þau. Það sem mér finnst höfuðkostur við starfið er hvað ég er í miklum samskiptum við fólk og líka að verkefni eru þess eðlis að þau eru fljótunnin þannig að enginn dagur er eins hjá mér.

*Var eitthvað sérstakt sem kom á óvart?*

Já kannski helst hvað starfið er erilsamt og oft mikið álag á manni. Það er meira heldur en ég hef kynnst í öðrum störfum. En maður verður bara að passa að taka lífinu létt og láta stressið ekki ná tökum á sér. Það er svo sannarlega ekki erfitt hér í þessum starfsmannahópi.

*Áttu von á því að þú verðir ritari jafn lengi og Ása?*

Það er allavega ekki á planinu hjá mér að hætta, mér finnst svo gott að vinna í Grundaskóla. En ég stefni samt á að mennta mig meira þannig að ég býst ekki við því að verða jafn lengi og Ása. En ég mundi samt alveg vilja verða jafn vingjarnleg og góð og hún Ása, hún er alltaf svo glöð og létt í lund, kannski ritarastarfið hafi gert hana svona eins og hún er.

*Eitthvað að lokum?*

Já, ég vil óska nemendum og starfsfólki Grundaskóla innilega til hamingju með 25 ára afmælið.

Leó Jóhannesson

## Að byggja á traustum grunni

Á þessu skólaári eru 10 ár liðin síðan einingakubbar (Unit Blocks) voru teknir í notkun sem námsefni í Grundaskóla. Þeir hafa aðallega verið notaðir á yngsta stiginu í frjálsum leik og skipulögðum verkefnum en eru nú einnig til á miðstiginu og tilraun hefur verið gerð með að nýta þá í stærðfræði á unglingastigi.

kubba sem eru mismunandi að stærð og lögun en tengjast þó allir innbyrðis á einhvern hátt. Það krefst þrautsegju og hugkvæmni að rada þeim saman í stöðugar byggingar og oft þarf að endurraða til að ná árangri. Við það verða vinnubrögð smám saman skipulagðari og leikni nemenda við að byggja eykst eftir því sem þeir læra



Ætlunin er að þróa þá vinnu enn frekar á þessu skólaári.

Stærðfræðilegir eiginleikar kubbanna gera þá að hentugu námsefni í stærðfræði. Í kubbastarfinu vinna nemendur með



betur á eiginleika kubbanna og þá möguleika sem þeir bjóða upp á.

Einingakubbarnir nýtast einnig vel sem námsefni í samfélagsfræði. Þá byggja nemendur sitt eigið samfélag í takt við það sem unnið er með hverju sinni hvort sem það er bærinn okkar, hafnarsvæðið eða vitar við strendur landsins. Út frá þeirri vinnu er svo hægt að spinna vef skemmtilegra verkefna sem nemendur taka virkan þátt í að þróa og hafa með því áhrif á fravindu námsins. Nemendur skapa sjálfir samhengið í þeirri vinnu sem fram fer í stað þess að fást við fyrirfram mótuð verkefni sem höfða misjafnlega til þeirra. Frumkvæði og skapandi hugsun eru í öndvegi, því í „Kubbalandi“ eru eiginleikar sem sóst er eftir á öllum sviðum þjóðfélagsins.

Asta Egilsdóttir



## Stóra upplestrarkeppnin

Á degi íslenskrar tungu 16.nóvember, fæðingardegis Jónasar Hallgrímssonar, setjum við formlega af stað Stóru upplestrarkeppnina. Þetta er ekki keppni í neinum venjulegum skilningi heldur þróunarverkefni þar sem höfuðáhersla er lögð á bekkjarstarfið og að allir nemendur njóti góðs af. Þátttakendur eru öll börn í 7. bekk á landinu. Skólum er frjálst að taka þátt og gefur þetta mörgum tækifæri burt séð frá lestrarfærni.

Allir nemendur velja sér texta til að lesa, í bundnu máli og óbundnu, og æfa sig í skólanum og heima. Síðan fer fram keppni í hverjum bekk fyrir sig og að lokum eru valdir 6 nemendur úr árgangnum til að keppa við Brekkubæjarskóla. Lokaathöfnin er síðan í Vinaminni. Sparisjóðurinn gefur peningaverðlaun.

Þessi keppni er mjög mikilvægur þáttur í skólastarfinu. Nemendur læra að flytja texta með blæbrigðum, beita röddinni rétt og túlka innihald, sérstaklega á þetta við um ljóðaflutning. Til aðstoðar umsjónarkennurum fáum leiðbeinendur sem eru sérfræðingar í framsögn og túlkun. Hefur þetta alltaf verið mjög vel heppnað og margir nemendur komið okkur og ekki síður sjálfum sér á óvart. Stóra upplestrarkeppnin hefur því löngu sannað gildi sitt.

Steinnunn Guðmundsdóttir

**PENNINN**

Kirkjubraut 54 • 300 Akranes • Sími 431 1855



Faxaflóahafnir sf  
Associated  
Icelandic  
Ports

# Draumaskólinn

Það var mikið hlegið á kaffistofunni í Grundaskóla þegar að þau voru mætt á staðinn Guðrún Geirsdóttir, Ragna Rögnvaldsdóttir og Valgeir Gestsson. Guðrún kennir við Háskóla Íslands, Valgeir við Grundaskóla og Ragna við Álftamýrarskóla. Öll eiga þau það sameiginlegt að hafa kennt við Grundskóla. Það var mjög gaman að spjalla við þau um þessi fyrstu mótunarár skólans.

*Hvernig minnst þið skólans þegar þið lítið til baka?*

**Valli:** Skólinn var að mótast, en það stuðaði okkur að skólinn var álitinn vera leikskóli, engin próf, óagað kennaralið.



Skólinn sannaði sig ekki fyrr en eftir fyrsta samræmda prófið og það sýndi sig að hann stóð sig eins og hinn skólinn, Brekkubæjarskóli „Efri Skaginn“ var svona „second class“ meðal bæjarbúa.

**Guðrún:** Mér fannst þetta ekki. Ég kynntist Gutta eftir stúdentsprófið. Hann var þá nýkominn úr námi og var að vinna lokaverkefnið sitt. Við sátum nokkur kvöld, ásamt fleirum og ræddum um hvernig skóla við mundum vilja sjá. Það var mjög gaman fyrir mig að sitja í þessum eldeldgamla gagnfræðaskóla þar sem voru nær engar konur. Ég var bara 20 ára og kenndi þarna í 2 ár. Þetta varð síðan til þess að ég fór í uppeldisfræði í Háskólanum með það í huga að svona skóli væri til. Hitti Gutta nokkrum sinnum eftir þetta og hann var alltaf að tala um hvernig skóla hann vildi sjá. Mér fannst þessi skóli verða nákvæmlega eins og hann hafði hugsað sér. Fyrstu viðbrögð mín, þegar að ég kom hingað, voru hvað hér var ofboðslega mikið kaos.

**Ragna:** Ég hringdi í Gutta austan frá Hallormsstað, vissi að hann var að auglýsa, þekkti hann úr skátunum og var alveg klár á því ef hann væri að byggja upp skóla mundi sá skóli henta mér. Þá var skólinn búinn að starfa í eitt ár og Gutti réði okkur bæði og mér fannst þetta algjört ævintýri að vera að fara að taka þátt í uppbyggingu þessa nýja skóla sem var eins og sniðinn eftir mínum hugmyndum. Ég sé það nú eftir 20 ára fjarveru að þetta er sami skólinn.

**Guðrún:** Það er ekki fyrr en við hætum að kenna hér og fórum að kenna í öðru umverfi að við sáum hve þessi skóli var öðruvísi.

**Valli:** Þetta var hálfgerður skátaflokkur enda var ég orðinn gjaldkeri Skátafélags Akraness áður en ég vissi af.

**Ragna:** Kerfið sem hér viðgekkst og viðgengst enn var 20 árum á undan tímanum. Í Reykjavík eru allir núna að uppgötva einstaklingsmiðað nám, sem hér hefur verið í gangi í rúmlega 20 ár.

**Guðrún:** Þegar að skólinn byrjaði var hópurinn pinulítill og gat setið á kaffistofunni og rætt og allir svona dálítið samstilltir og um leið og skólinn stækkaði þá kom meiri breidd í kennarahópinn og nemendahópinn. Í byrjun var þetta mjög einlitur hópur. Gutti tók með sér ákveðinn hóp úr Brekkubæjarskóla sem var tilbúinn í slaginn.

**Valli:** Á fyrstu árunum var mikið af eldhugum sem voru til í allt. Ég lærði mikið af Gutta, lærði kannski meira af hans hugmyndafræði en ég lærði í Kennó. Þegar maður hugsar til baka þá er það valkerfið sem stendur upp úr. Það þarf ákveðna hugmyndafræði til að láta þetta ganga, ákveðinn neista. Í þessu valkerfi eins og það



var í byrjun gátu nemendur valið frjálst, þurftu t.d. ekki að velja tónmennt og sumir nemendur voru rosalega fegnir. Við skulum heldur ekki gleyma þessu frábæra orði sem við bjuggum til „skylduval“ þegar að okkur fannst frelsi nemendanna orðið fullmikið.

**Guðrún:** Fyrstu árin voru hér mjög margir eldhugar, frumkvöðlar, kannski óeðlilega margir. Það sem skiptir samt mestu máli í Grundaskóla er að kennurum og nemendum er treyst. Þetta er það sem hefur þroskað mig mest og gert mig tilbúna. Maður fór með einhverjar misígrundaðar hugmyndir af stað sem mistókust jafnvel og það var allt í lagi. Eins með nemendum, við treystum þeim líka til að ganga vel um, læstum t.d. ekki skápunum.

**Valli:** Eitt af séreinkennum skólans var að hafa skólann opin á morgnana þannig að nemendur gætu komið inn og sest inn í stofu fyrir klukkan átta áður en að kennsla byrjaði. Þetta hefur reynst vel og er svona ennþá.

**Guðrún:** Hér var ekkert fyrirframvantraust. Við höfum örugglega stundum farið framúr okkur sjálfum. Komið með margar góðar hugmyndir sem við notuðum svo aldrei aftur og gerðu þetta kannski bara skemmtilegra.

**Ragna:** Það sem mér finnst eftirminnilegt og er eitt af þessum smáatriðum sem er samt svo stórt, er hvað andrúmsloftið í kennslunni var afslappað, þetta stressleysi, ekkert verið að stressa sig yfir einhverjum prófum eða að ná toppárangri, þetta hafðist allt.

**Valli:** Í þessum skóla var svona sveitavinskapur. Það var svona smábæjarbragur, það var ákveðinn hópur hérna sem var mikið saman. Hver man ekki eftir Dallaskvöldunum?



**Guðrún:** Við vorum mjög mörg aðkomumenn sem byrjuðum að vinna í skólanum á sama tíma. Vinirnir voru í skólanum, þetta var mín fjölskylda.

*Er eitthvað sem þið saknið og hefðuð viljað taka með ykkur?*

**Valli:** Ég hefði viljað taka þetta valkerfi. Við náðum með því til krakkanna á annan hátt. Þau gátu valið aftur að fara í sama og fengu að vera í sínum áhugamálum og fengu meira við sitt hæfi.

**Guðrún:** Þegar að ég var hérna voru kennararnir mjög hugmynda- ríkir og lögðu sig mjög mikið fram um að finna skemmtileg og áhuga- verð verkefni. Kannski opnari heldur en í hefðbundnu námsgreinum.

**Valli:** Var valkerfið ekki skemmtun okkar kennaranna? Ég bjó til val í kringum það sem ég hafði mestan áhuga á. Maður hafði tækifæri til að kenna það sem manni fannst skemmtilegt, þetta setti annan brag á kennsluna.

**Ragna:** Það var lægð um tíma, en skólinn hefur náð sér upp aftur. Fann fyrir þessu þegar að ég kom í heimsókn

**Guðrún:** Ég tók bara mjög margt með mér. Ég nota Grundaskóla mikið í minni kennslu, vísa í og segi frá „vist er þetta hægt“. Get sýnt fram á hvað er hægt að gera ofsalega margt sem aðrir halda að sé ekki hægt að gera, nefni sem dæmi samsönginn í unglingsdeildinni á föstudögum. Ég get sagt „ég hef prófað þetta, þetta hefur verið reynt, stærðfræðin hefur verið kennd svona.“ Þetta skiptir miklu máli þegar að maður er að kenna fólki sem kemur úr mjög ferköntuðu umhverfi og er tilbúið að verða síðan mjög ferkantaðir kennarar. Grundaskóli er því búinn að hafa mjög mikil áhrif á skólasamfélagið í landinu. Ég lenti reyndar í því að upplifa það að mér fannst ég vera orðin eins og gömul plata og fannst eins og að nemendur mínir væru hættir að trúa því að allt væri svona gott í Grundaskóla og þá fékk skólinn Íslensku menntaverðlaunin og það bjargaði öllum mínum heiðri og



Valgeir Gestsson, Guðrún Geirsdóttir og Ragna Rögnvaldsdóttir rifja upp gamlar minningar.

orðspori. Ekki lengur Grundaskóli, skólinn sem ég kenndi í, heldur skólinn sem fékk fyrstur Íslensku menntaverðlaunin.

Það hefur kannski verið aðalsmerki skólans að vera einstaklingsmiðaður fyrir kennarana. Hér hefur verið skólastjóri sem hefur gefið kennurum frelsi.

**Ragna:** Tók fullt af hugmyndum með mér svo sem „teppið“, heimakrókinn. Svona eftir á að hyggja skipti þetta rosalega miklu máli. Þarna fór fram lífsleikni-kennslan. Hefur þessi umræða sem fram fór á teppinu tapast? Það næst ekki yfir bekkjarstofu sama stéttar eins og í heimakrók. Við höldum þessu alveg upp í 8. bekk. Nú er þetta bara í 1.- 4. bekk.

**Guðrún:** Námsmatið er eitt af því sem mér finnst mjög sérstakt fyrir þennan skóla, bæði formið á námsmatinu og hvað var metið og hvernig. Eins líka þetta, ég er ennþá að fá spurninguna, „Ha, eru börnin höfð með í viðtölunum?“. Mér hefur alltaf fundist sérstakt hvað það hefur verið lögð mikil alúð í vitnisburðinn.

*Hvað finnst þér hafa verið metið?*

**Guðrún:** Það var sérstakt að vera með svona vitnisburð, sem var almennari heldur en bara

prófatölur, það var líka talað um vinnubrögð og liðan. Við tókum miklu víðara á vitnisburðinum heldur en kannski bara taka einhverjar einkunnir. Vitnisburðurinn var tækifæri fyrir bæði foreldra og nemendur að taka þátt í umræðunni. Það hefur verið mjög dýrmætt fyrir mig að geta notað Grundaskóla í minni kennslu og tek Grundaskóla alltaf sem dæmi fyrir ákveðna stefnu sem er verið að ræða í kennslufræðinni, mannúðarstefnu. Ég vildi að ég hefði verið svona góð í kenningunum þegar að ég var að kenna í Grundaskóla. Þá hefðum við getað staðið betur á bak við nýbreytnina, gagnvart foreldrum og fólki í bænum.

— — —  
Að lokum óska þau Guðrún, Valgeir og Ragna skólanum til hamingju með 25 ára afmælið og starfsfólkinu alls velfarnaðar í starfi.

Svo langar mig til að enda á þessum orðum eins úr hópi fyrstu útskriftarnemanna:

*„Grundaskóli kann kannski ekki að fá verðlaun fyrir hæstu einkunnirnar á landinu, en það sem ég fékk út úr þessum skóla var allt annars eðlis.“*

Borghildur Jósúadóttir



# 5. bekkur 2006-2007



## Hringferðin um Ísland

Hringferðin gengur út á það að hvor 5. bekkur hleypur hringinn í kringum Ísland. 5. VHj fer suður fyrir og 5. EK norður fyrir. Bekkirir hlaupa samtals um 2800 km. Á meðan við hlaupum þá


kynnumst við Íslandi betur. Við lærum um marga staði á Íslandi eins og til dæmis, Akureyri er fyrir norðan, Hvolsvöllur er fyrir sunnan og Fáskrúðsfjörður er fyrir austan. Borgarnes er á Vesturlandi og Patreksfjörður er á Vestfjörðum. Höfuðborg Íslands er Reykjavík og hún er á Suðvesturlandi. Við komumst líka í gott form og verðum frískari og frískari. Það verður gaman að sjá hvar við hittumst og hvað við verðum lengi.



## Reykjavíkurfirðin

Við fórum í rútu í Alþingishúsið og skoðuðum það. Við löbбуðum út um allt Alþingishúsið. Þar voru flottar ljósakrónur. Svo löbбуðum við í Ráðhúsið, svo kom rútan og skutlaði okkur í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Við borðuðum nestið okkar og skoðuðum síðan öll dýrin. Svo fórum við í sum tækin, t.d. loftbelginn, litlu bílana, gröfurnar og kastaland. Svo kom rútan og við fórum á Bessastaði. Þegar við vorum komin tók á mótum okkur starfsfólk Bessastaða. Þau létu okkur skrifa í gestabókina og við fengum gos og kökur. Dorrit og Ólafur tóku í hendurnar á öllum og buðu okkur velkomin. Forsetinn sýndi okkur allt húsið. Við fengum að halda á fallbyssukúlu, fórum niður í kjallara og sáum fangelsið og allt á Bessastöðum. Forsetinn sagði að það væru leynigöng í húsinu og við leituðum alls staðar en fundum þau ekki. Svo fórum við í kirkjuna á Bessastöðum og þar var mynd af grimmum karli sem hreyfði sig. Svo kom rútan og við fórum heim. Ferðin var æðisleg.

Kveðja frá 5. bekk



## Hvar eru þau nú? 1985



**Nafn:** Ragnheiður Þórðardóttir.  
**Fjölskylduhagir:** Ógift.

**Búseta:** Jörundarholt 194 Akranesi.

**Hvað ert þú að fást við í dag?** Ég er á fysta ári í Kennaraháskóla Íslands á grunnskólabraut og er að vinna í Olís við Sudurgötu með skólanum.

**Eftirminnilegt atvik úr Grundaskóla:** Það er frá svo ofboðslega mörgu að segja, en það sem stendur alltaf upp úr eru öll skólaferðalög sem farin voru, við fórum í okkar fyrsta ferðalag í 6. bekk sem endaði á því að kvöldvökunni var aflýst þar sem við vorum ekki húsum hæf. Það er einnig minnstætt þegar árgangurinn fór í fermingarferðlag í Skálholt en einhverjir misskildu merkingu orðsins „Skálholt“ og skáluðu inni á herbergjum. En svo á hann Leó stór-an part af því sem var svo eftirminnilegt. Það voru ótrúlegustu hlutir sem Leó datt í hug. Ég man eftir því þegar átti að fara uppá Akrafjall í 9. bekk með heitt kakó og keX en á meðan fengu hinir bekkirnir að panta pizzu og leigja vídeó. Árið eftir var ferð í Akrafjallið efst á óskalistanum. Það gleymist heldur ekki þegar við vinkonurnar eða „Kindurnar“ í hljómsveitinni Zakralist vorum valdar með besta atriðið í Hæfileikakeppninni í 10. bekk.

Til viðbótar þessu eru það svo allir kennarnir í skólanum, sérstaklega í unglingsdeildinni og samskiptin við þá. Þeir voru bara svo frábærir allir.

**Lokaorð:** Áfram Grundaskóli, án efa besti skólinn á landinu og aldrei að vita nema maður komi og kenni við Grundaskóla.

# Foreldrafélag og foreldraráð Grundaskóla

Í byrjun skólastarfs í Grundaskóla var oft sagt: „Það er ekkert foreldrafélag en frábært samstarf við foreldra“. Lögum samkvæmt átti skólastjóri að stofna foreldrafélag ef þess væri óskað, en að sögn skólastjóra kom engin ósk fram lengi vel. Allt frá upphafi hafa verið haustfundir með foreldrum og viðtöl nemenda, kennara og foreldra. Kennarar skólans lögðu mikla áherslu á samstarf við foreldra í kringum hverja og eina bekkjardeild, en jafnframt var oft leitað til foreldra varðandi ýmis verkefni. Þannig aðstöðu foreldrar við jólahald, þeir byggðu leiktæki og plöntuðu trjám á lóð skólans svo fátt eitt sé nefnt. Þá var á fyrstu árum boðið upp á Tömstundakvöld, þar sem nemendur og foreldrar voru saman, líkt og frístundaval unglingsdeildanna í dag. Það var sem sagt meira lagt upp úr raunverulegu samstarfi en forminu fyrstu árin.

Kröfur um formlegt foreldrafélag urðu háværari og stækkandi skóli gerði meiri kröfur til að starfið yrði skipulagt, bæði hvað varðar

samstarf foreldra ákveðinna bekkjardeilda og fyrir skólann í heild.

14. nóvember árið 1991 var boðað til fundar foreldrafulltrúa allra bekkjardeilda og stofnað foreldrafélag skólans og á það því 15 ára starfsafmæli á þessu ári.

### Markmið félagsins hafa ávallt verið að:

- Vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum
- Koma á almennum umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál
- Styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði
- Koma á framsæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál
- Standa vörð um réttindi barna til menntunar og aukins þroska

Stjórn félagsins var í upphafi skipuð úr hópi foreldrafulltrúa hverju sinni og hefur sá siður haldist. Stjórnarskipti fara fram á aðalfundi sem haldinn er í nóvember ár hvert þar sem skipt er út 2-3 af 5 meðlimum stjórnar. Gert er ráð fyrir að hver stjórnarmeðlimur sitji



Fráfarandi stjórn foreldrafélagsins. Frá vinstri: Þórey Ingvarsdóttir ritari, Halldóra Andrea Árnadóttir formaður, Hafðís Dögg Hafsteinsdóttir, Eygló Karlsdóttir gjaldkeri, Hildur Karen Ádalsteinsdóttir varaformaður. Hafðís (formaður) og Eygló (gjaldkeri) eru í núverandi stjórn.

að jafnaði í 2 ár, þannig að reynt fólki situr með nýju fólki.

Verkefni stjórnar foreldrafélagsins eru fjölbreytt. M.a. eru haldnir fundir með bekkjarfulltrúum tvisvar sinnum á skólaárinu, samráð haft við skólastjórnendur, lögreglu og bæjaryfirvöld um uppákomur og forvarnir auk þess sem að góð samvinna er við foreldrafélag Brekkubæjarskóla s.s. um skemmtanir, fyrirlestra og foreldrarölt.

Foreldrafélagið hefur beitt sér fyrir því að fræðslufyrirlestrar séu haldnir að minnsta kosti einu sinni á hverju skólaári og hafa umræðuefnin t.d. verið: áfengis- og fíkniefnamál, kynlíf og kynhegðun, internet og netnotkun og samskipti foreldra og barna. Þá hefur foreldrafélagið einnig látið sig varða umferðaröryggismál og umhverfi skólanna og staðið fyrir kaupum á merktum flíspeysum og leikföngum.

Forvarnir eru óneitanlega stór þáttur í starfi foreldrafélags og er foreldrarölt þar mikilvægt, hvort sem um er að ræða vímuvarnir eða almennt öryggi unglingsanna á götum bæjarins að kvöldlagi.

Á fundi í foreldrafélaginu haustið 2005 kom fram mikill vilji foreldra að röltu öll föstudagskvöld, en veturna þar á undan hafði einungis verið rölt þau kvöld sem böll voru haldin í grunnskólanum. Stjórn foreldrafélagsins brást við þessari beiðni og skólaárið 2005-2006 var rölt öll föstudagskvöld auk þeirra fimmtudagskvölda þegar grunnskólaböll eru haldin. Þessu fyrirkomulagi verður haldið áfram á yfirstandandi skólaári 2006-2007.

Samráð er haft við foreldrafélag Brekkubæjarskóla og æskulýðsfulltrúa Akraneskaupstaðar í Arnardal, og viðburðir í Fjölbrautaskóla Vesturlands einnig hafðir til hliðsjónar þegar röltið er skipulagt.

Gert er ráð fyrir því að allir foreldrar sem eiga börn í 8.-10. bekk



Foreldraráð. Frá vinstri: Kolbrún Katarínusardóttir, Unnur Guðmundsdóttir, Guðrún S. Gísladóttir, Inga Lilja Guðjónsdóttir.

rölti og foreldrar yngri barna eru einnig hvattir til að röltu. Rölt er frá 22:45 til miðnættis, eða eftir því sem við á og er gert ráð fyrir að þrjú aðilar frá hvorum grunnskólanum séu á rölti í hvert skipti. Skráningareyðublað liggur frammi á námsefniskynningum í unglingsdeild á hverju hausti þar sem foreldrar skrá sig í tvö til þrjú rölt á vetri.

Foreldrasamtökin Heimili og skóli komu á fót „foreldrasamningi“, þar sem foreldrar skuldbinda sig til halda útvistartímamann og samræma kröfur varðandi ýmis mál s.s. forvarnir. Foreldrafélagið hefur kynnt þennan samning og átt frumkvæði að gerð hans í 7. - 10. bekk undanfarin ár. Á síðustu árum hefur samningurinn verið gerður í 6. bekk og síðan ræddur í öðrum árgöngum í unglingsdeild og nýjum foreldrum gefinn kostur á vera með. Lögreglan hefur mætt á fundina og verið með fyrirlestra um forvarnir.

### Foreldraráð

Samkvæmt lögum nr. 66/1995 skulu foreldraráð starfa í hverjum

grunnskóla. Hlutverk þess er m.a. að fylgjast með að skólanámsskrá sé kynnt foreldrum og henni sé framfylgt. Foreldraráði ber að fjalla um atriði er varða innra starf skólans s.s. skólareglur, öryggismál og skóladagatal. Einnig er það hlutverk foreldraráðsins að koma á framsæri nýjum hugmyndum sem gætu orðið til þess að efla skólastarfið. Í foreldraráði sitja 6 fulltrúar, þar af einn formaður.

Foreldraráð hefur rétt á að hafa áheyrnarfulltrúa í Skólanefnd Akraneskaupstaðar og hafa Grundaskóli og Brekkubæjarskóli skipst á að hafa fulltrúa í nefndinni og situr viðkomandi þá 2 ár í senn.

Samstarf á milli foreldrafélags, foreldraráðs, og skólastjórnenda hefur verið mjög gott enda allir aðilar haft mikinn metnað til að bæta skólann, allt umhverfi hans og þjónustu við foreldra, nemendur og starfsfólk.

Til hamingju með afmælið Grundaskóli.

Fyrir hönd Foreldrafélags og Foreldraráðs Grundaskóla.  
Hafðís Dögg, Hildur Karen, Guðrún og Unnur

# 6. bekkur 2006-2007



## Kveðja til skólans

Þú ert ungur ennþá og ég gleymi þér aldrei, því þú átt góða kennara sem ég læri af.

Mér finnst gaman í skólanum af því að ég á svo marga vini þar.

Það sem mér finnst best við skólann er hvað námsefnið er fjölbreytt þanig að allir læra eitthvað sem þeim þykir skemmtilegt.

Það er gott að vera í Grundaskóla af því að það eru góðir nemendur og gott starfsfólk.

Mér finnst Grundaskóli mjög finn skóli af því það er mikið skipulag og fjölbreytni við lærum íslensku, fáum að þrjóna, sauma og teikna og margt fleira.

Við fáum ekki allt sem við viljum, ef við mættum það þá yrði það ekki gott.

Mér finnst gaman í stærðfræði. Það er gaman að fara í ferðir með árganginum og það eru góðar minningar.

Það var skemmtilegast þegar bekkjarkvöldið var í 5. bekk, þá var allur árgangurinn saman.



Það var gaman þegar allur árgangurinn fór til Reykjavíkur á skauta að borða pizzu.

Ég man mest eftir þegar ég fót-brotnaði á rampinum.


Mér líður vel í Grundaskóla.

Ég man eftir mörgum góðum minningum úr Grundaskóla.

Mér finnst Grundaskóli skemmtilegur af því að það er fjölbreytt val.

Það er gott að vera í þessum skóla.

Þú ert frábær skóli, til hamingju!



## Ferð til Eiríksstaða í Haukadal í maí 2006

Við fórum til Eiríksstaða í Haukadal þann 16. maí. Þessi ferð er í tengslum við söguramma um Leif Eiríksson sem við vorum að vinna í skólanum. Við byrjuðum á að koma í skólann klukkan 8:00 og þá fengum við að vita hópana sem við vorum í. Okkur var skipt í tvo hópa. Þegar klukkan var orðin 8:30 þá fórum við í rútna og keyrðum í einn og hálfan klukkutíma.

Þegar við vorum kominn á Eiríksstaði þá fengum við okkur nesti og karlinn sem tók á móti



okkur hann Sigurður á Vatni, var mjög kurteis og hann fræddi okkur um Leif Eiríksson.

Síðan var ratleikur með mörgum stöðvum og var ein stöðin inni í litlu húsi og þar var Sigurður að fræða okkur um húsin á landnámsöld. Á annarri stöð áttum við að grafa upp fornleifar og voru það peningar og aðrir fornmunir.

Á meðan annar hópurinn var í

ratleik fór hinn í heimsókn á sveitabæinn Litla Vatnshorn. Þar sáum við nýfædd lömb og brjálaða hunda.

Að lokum enduðum við í Borganesi í sundi og borðuðum nesti í Skallagrímgarðinum. Þetta var skemmtilegur dagur og fræðandi.

*Kveðja frá nemendum í 6. bekk*



Sigurður Arnar Sigurðsson, deildarstjóri unglíngadeildar:

## Helsti styrkleiki Grundaskóla er samstaða og samhugur

Fyrir fimm árum var ákveðið í kjarasamningnum að auka stjórnunarumfang í grunn-skólum landsins og stofna stöður deildarstjóra. Nú eru starfandi tveir deildarstjórar við Grundaskóla, þau Ásta Egilsdóttir sem stýrir yngsta stigi og Sigurður Arnar, sem er yfir starfinu í 7.-10. bekk. Ásta tók í haust við af Borg-hildi Jósúadóttur en Sigurður hefur gegnt stöðu sinni frá stofnun

hennar. Auk stjórnunarstarfa sinna þau ýmsum öðrum verkefnum fyrir skólann í heild. Ásta hefur m.a. haft með höndum umsjón með umferðafræðslu í samstarfi við Námsgagnastofnun og Umferðarstofu. Sigurður hefur einnig í mörg horn að líta.

*Hvada mál eru helst á döfinni í unglíngadeildinni þetta misserið?*

Það er alltaf nóg að gera í

Grundaskóla. Tónlistarverkefnið ungir gamlir sem Menningarráð Vesturlands styrkti okkur svo myndarlega með hefur tekið mikinn tíma, þá er í undirbúningi nýr söngleikur sem unnin er í samstarfi við þrjá aðra skóla frá jafnmörgum löndum. Þ.e. Tyrklandi, Svíþjóð og Ítalíu. Þá er Grundaskóli móðurskóli í umferðarfræðslu og það starf er umfangsmeira en margur heldur.

*Er mikill gestagangur?*

Já, það er mikið um gesti hjá okkur. Fjölmargir starfsmenn skóla koma í heimsókn ár hvert auk annarra gesta. Þá er algengt að kennaranemar komi og séu í æfingakennslu. Þessi gestagangur hefur vaxið mikið með árunum og ekki síst eftir að Grundaskóli hlaut Íslensku menntaverðlaunin 2005.

*Hefur starfið útávið vaxið?*

Við eigum í miklum samskiptum við fjölmarga aðila bæði hér heima og erlendis. Uppsetning á stórum þemaverkefnum eða söngleikjum krefst mikil skipulags og samstarfs við aðila utan skólans. Eitt slíkt verkefni kostar milljónir í uppsetningu og þá er eins gott að standa rétt að öllu og geta leitað til utanaðkomandi aðila bæði einstaklinga og fyrirtækja sem eru tilbúnir til að rétta okkur hjálparhönd. Þetta hefur sem betur fer gengið vel og okkur er alltaf tekið vel hvar sem við komum.

*Hvernig gengur krökkunum að læra í öllu umstanginu?*

Almennt gengur krökkunum vel að læra. Að sjálfsögðu erum við misjöfn og hæfileikarnir liggja ekki alltaf í bóknáminu. Grundaskóli hefur alla tíð lagt mikla áherslu á verklega kennslu og listnám. Þessar áherslur skólans hafa hjálpað mörgum til að finna sínar sterku hliðar og það er alltaf gef-

**EKKI VERA HRÆDD ... VIÐ AÐ SPARA!**

KOSTABÓK HEFUR ENGAR AGALEGAR AFLEIÐINGAR EN GÆTI BORIÐ RÍKULEGAN AVOXTI Í FRAMTÍÐINI. KOSTABÓK ER MEÐ HAMARSS AVÖXTUN EN LAGMARKS SKULDBINDINGU. EF SPARNADAR HRÆÐSLAN BER ÞIG OFURLIÐI GETURDU EINFALDEGA TEKIÐ INNBORGUNINA UT TIL DÖGUM EFTIR AÐ LAGT ER INN.

BEST ER NATTURULEGA AÐ KOMAST YFIR ÖTTANN ÞVI KOSTABÓK ER SERSNIDIN FYRIR REGLUBUNDINN SPARNAD.

Kynntu þér málið á [www.kbunglingar.is](http://www.kbunglingar.is) Þú getur stofnað Kostabók á [www.kbanki.is](http://www.kbanki.is) eða haft samband við útbúið þitt eða þjónustuver KB banka í síma 444 7000

**KB BANKI**



andi að sjá ungt fólk blómstra í leik og námi. Námsárangur nemenda í Grundaskóla er almennt ágætur. Við eru ekki alltaf sátt við niðurstöður samræmdra prófa en vitum þó að hér ríkir vilji og metnaður til að gera vel.

*Er góður mórall í nemendahópnum?*

Einn helsti styrkleiki Grundaskóla hefur verið samstaða og samhugur. Það gildir jafnt um nemendur, starfsfólk og foreldra barna í skólanum. Ég held að þessi góði starfsandi skapist meðal annars af þeim sterku áherslum sem skólinn hefur lagt í starfi sínu á mannvirðingu, virkni og metnað.

*Hvada heilræði áttu handa krökkunum?*

Við skulum hugsa jákvætt. Ekki einblína á það sem vantar heldur að hugsa um það sem við getum, erum góð í og ætlum að byggja á til að ná markmiðum okkar í lífinu.

Leó Jóhannesson

LÁGA  
VERÐIÐ  
LÉTTIR  
LÍFIÐ  
VEÓ

Verslunin Einar Ólafsson  
Skagabraut 9-11 - Sími 431 2015

Eftirtaldir aðilar óska Grundaskóla til hamingju með 25 ára afmælið.

BOB vinnuvélar  
Tónlistarskólinn  
Tungusól  
Lyf og heilsa  
Innrömmun Rammar og myndir  
BYKO  
Fasteignasalan Gimli  
Járnblendifélagið

Rauði kross Íslands  
Bjarmar  
Brauða og kökugerðin  
Smurstöð Akraness  
Vélaleiga Halldórs  
Hárstíll  
Fótaaðgerðarstofa  
Guðrúnar Sigurbjörnsdóttur

## „Sessa, þetta hlýtur að vera á útlensku því þetta er svo erfitt“

Rætt við Sesselju Hákonardóttur stuðningsfulltrúa og Guðrúnu Aðalsteinsdóttur skólaliða



Sesselja Hákonardóttir stuðningsfulltrúi hefur verið starfandi í tæp tíu ár við Grundaskóla. Fyrst var hún ein en nú eru þær fjórar sem gegna starfinu. Það er dálítið lýsandi fyrir það hvernig þjónustan hefur batnað hin síðari árin. Til að fræðast nánar um starfið tókum við Sessu tali.

*Í hverju er starf þitt aðallega fylg-ið?*

Stuðningsfulltrúi er kennara til aðstoðar við að sinna einum eða feiri nemendum sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Starfið miðar fyrst og fremst að því að auka færni og sjálfstæði þessara nemenda, félagslega, námslega og í daglegum athöfnum. Starfið tekur oftast mið af þar til gerðri áætlun, sem hefur meðal annars það að markmiði að draga smám saman úr þörf nemenda á stuðningi í

þeim tilvikum þar sem það er hægt.

*Manst þú eftir einhverju skemmtilegu atviki í tengslum við starfið?*

Eftirminnileg atvik eru mörg því starfið er mjög gefandi og hef ég lært margt á þessum tíma. Gagnkvæm virðing í starfinu er mjög mikilvæg og hef ég reynt eftir fremsta megni að hafa það að leiðarljósi.

Eitt sinn var ég að hjálpa barni að lesa og vorum við að hljóða okkur í gegnum orðin sem voru miserfið. Leit þá barnið til mín í lokin og sagði: „Sessa, þetta hlýtur að vera á útlensku því þetta er svo erfitt.“

*Guðrún Aðalsteinsdóttir skólaliði hóf störf hér við skólann fyrir rúmum tíu árum. Þá voru skólaliðar reyndar kallaðir gangaverðir.*

*Sjálfsagt hefur margt annað breyst en nafnið eitt Rúna.*

Já. Þegar ég byrjaði að vinna í Grundaskóla var hann ekki einsetinn og þá var margt öðruvísi en í dag. Þá var t.d. mjólkinn í fernum eins og kókómjólkin er í og þurftum við að bera hana úr kjallaranum og upp á yngsta stig því þá var nú engin lyfta í húsinu. Síðan tókum við til mjólkina fyrir hvern bekk fyrir sig og fórum með inn í stofurnar. Það voru ekki þrif eða skúringar í okkar starfi hérna áður fyrr því það voru aðrar konur sem komu kl. 17 og sáu um þrifin. Okkar starf var aðallega að hjálpa nemendum, stundum að lesa og reikna, koma þeim út í frímínútur og aðstoða þá á allan hátt. Einnig hjálpuðum við kennurunum með ýmislegt, t.d. aðstoðuðum við þá í kennslustundunum, plöstuðum



spjöld, bjuggum til hefti og ýmislegt fleira sem til féll.

*En nú sjáid þið um þrifin líka?*


Já, og það er nóg að gera eins og gefur að skilja því þrifin koma í viðbót við allt hitt. Við erum 14 sem gegnum þessu starfi en stöðugildin eru 8 1/2.

Stundum höfum við verið að óska eftir því að fá nákvæmari verklýsingu.

*Er starfið skemmtilegt.*

Já, það er gaman og gefandi að vera innan um börn og unglíng. Eins eigum við mjög góð samskipti við kennarana. En starfið er oft mjög erlissamt og hávaðasamt. Sérstaklega í frímínútum og matarhléum.

*Elín Björk Davíðsdóttir*



nepal hugbúnaður ehf

## „Heppin að hafa fengið að vera þátttakendur í uppbyggingu skólans“

Rætt við hjónin Halldóru Garðarsdóttur og Gunnlaug Sölvason

Í tilefni að 25 ára afmæli skólans datt okkur í hug að leggja nokkrar spurningar fyrir Dóru og Gulla sem hafa alla tíð frá stofnun skólans átt stráka hér í Grundaskóla. Þau eiga tvíburana Arnar og Bjarka fædda 1973, Garðar sem er fæddur 1983 og sá yngsti heitir Rúnar fæddur 1991. Eftir veturinn mun samstarfi þeirra við Grundaskóla ljúka, í bili a.m.k., þar sem Rúnar útskrifast úr skólanum næsta vor.

*Hvernig hefur nú upplifun ykkar af Grundaskóla verið þessi 25 ár?*

Upplifun okkar af skólanum hefur að mestu verið góð í gegnum árin. Það hefur verið gaman að fylgjast með hvernig starf skólans hefur vaxið og þróast í þá átt að gera hann betri og betri.

*Finnst ykkur skólinn hafa breyst mikið á þessum 25 árum?*

Já, okkur finnst hann hafa breyst mikið frá fyrstu tíð. Breytingarnar hafa flestar verið jákvæðar og sýnt að skólinn er í sífellndri þróun og hann leitast ávallt við að skila starfi sínu vel.

*Hverja teljið þið vera helstu kosti Grundaskóla?*

Jákvæðni og metnaður í starfi.

*En galla?*

Að viðurkenna galla sína.

*Nú eigid þið marga stráka, hafið þið oft verið kölluð inn á teppi til Gutta vegna prakkarstrika þeirra?*

„Okkar drengir gera aldrei neitt af sér.“ Nei, án gríns, þá er ekki hægt að segja að það hafi verið oft miðað við þann árafjölda sem við höfum verið foreldrar í skólanum. Vonandi hafa þau prakkarastrik sem þeir frömdu ekki skaðað neinn til framtíðar. Þetta snerist oft um að vera á röngum stað á röngum tíma.



*Hafið þið þurft að skipta ykkur mikið af heimanámi drengjanna í gegnum tíðinni?*

Mismikið, við höfum þó alltaf reynt að fylgjast vel með heimanámi þeirra og passað upp á að þeir skuluðu því sem þeim bæri að gera.

*Gerir skólinn jafn miklar kröfur nú og fyrir 25 árum?*

Hann gerir mun meiri kröfur nú en fyrstu árin. Okkur fannst kröfurnar þá oft ómarkvissar og ekki alltaf skýrt til hvers var ætlast af nemendum eða foreldrum t.d. í sambandi við námsáætlanir. Það tekur alltaf tíma fyrir nýjan skóla að finna sinn farveg og kröfurnar til skólastarfs almennt hafa einnig aukist til muna á þessum 25 árum. Starfið er mun markvissara núna og meira lagt upp úr að hver einstaklingur fái að njóta sín á sínum forsendum.

*Munið þið eftir einhverju skemmtilegu atviki í tengslum við*

*skólann sem þið viljið deila með okkur?*

Við munum ekki eftir neinu einstöku atviki, nema því hvað hún Systa „eldhúskona“ var glöð þegar einn drengjanna færði henni rós að vori og þakkaði henni fyrir allan matinn sem hún hafði eldað handa honum. Hún var ekki von að henni væri neitt þakkað sérstaklega. Það má einnig minnst á „Litlu jólin“ í íþróttahúsinu og árs hátíðirnar í Bíóhöllinni, það hafði sérstakan sjarma.

*Er eitthvað sem þið viljið segja að lokum?*


Um leið og við óskum skólanum til hamingju með afmælið, viljum við þakka innilega fyrir gott samstarf í gegnum árin. Við teljum okkur heppin að hafa fengið að vera þátttakendur í uppbyggingu skólans og óskum honum alls hins besta í framtíðinni.

*Kristrún D. Marteinsdóttir og Margrét Ákadóttir*



**BLIKKVERK** SF

## Hvar eru þau nú? 1982



**Nafn:** Sveinbjörn Hafsteinsson.  
**Fjölskylduhagur:** Bý með sambyliskonu minni, Drífu Baldursdóttur, saman eignum við tvö börn. Þau Benedikt fimm ára og Hildi Arneyju eins árs.

**Búseta:** Í Reykjavík.  
**Hvað ert þú að fást við í dag?** Ég starfa hjá CCP við hönnun og prufanir á tölvuleiknum EVE-ONline sem er vægast sagt draumajobb og snilldartaekifæri að fá að vinna hjá fyrirtæki sem er svona frábært og er í örum vexti!

**Eftirminnilegt atvik úr Grundaskóla?** Ætli nokkur af ferðalögum sem farin voru komi ekki helst upp í hugann, skiðaferðalag og svo Þórsmerkurferð. Skemmtilegar erjur á milli Sigga Arnars og Flosa og okkar ástkæru gangaverðir!

Grundaskóli er frábær skóli á alla vegu en þó sérstaklega verð ég að minnast á hvað mér þykir frábært hversu mikil áhersla er lögð á nám sem tengist margmiðlun og tónlist.

Þegar maður fylgist með félagsstarfinu í fjarska í dag, þá sér maður heilu leiksyningarnar vera settar upp eins og ekkert sé og það er ekki í öllum skólum sem lögð er svo mikil áhersla á listir og margmiðlun. Svo í fyrra þegar að Grundaskóli hlaut íslensku menntaverðlaunin varð maður ennþá stoltari að hafa stundað nám í þessari merku menntastofnun.



FJÖLBROTASKÓLI  
VESTURLANDS

# Söngleikir í Grundaskóla

Undanfarin ár hefur Grundaskóli staðið í stórræðum á listasviðinu. Það hafði lengi verið í umræðunni að setja á svið frumsaminn söngleik í fullri lengd þar sem söng- og tónlistaráhugi hefur jafnan verið mikill í skólanum. Segja má að skólinn hafi þá sérstöðu meðal grunnskóla að hafa lagt mikla áherslu á að kenna list- og verkgreinar í öllum árgöngum og t.d. er Grundaskóli einn af örfáum grunnskólum á Íslandi sem kennir tónmennt á unglingastigi.

En ævintýrið hófst með söngleiknum Frelsi sem sýndur var í byrjun árs 2003. Voru þeir Flosi Einarsson og Gunnar Sturla Hervarsson fengnir til að semja söngleik og fengu þeir nokkuð frjálshendur með efnisval. Sigurður Arnar Sigurðsson hélt utan um fjármálin og Einar Viðarsson var síðan Gunnari og Flosa til halds og trausts og sá m.a. um leikskrá, auglýsingar, geisladiskasölu o.fl. auk þess sem hann lék í söngleikum.

Söngleikurinn Frelsi var mjög vel heppnað verkefni því hann virtist höfða til allra aldurshópa og sagan sem sækir efnivið sinn að hluta til í íslenskar þjóðsögur hefur einnig skýran boðskap sem er ágætis innlegg í eineltisumræðu. Það er gaman að segja frá því að

fleiri skólar hafa tekið verkið til sýninga og t.d. var Frelsi sýnt á Húsavík s.l. vetur við metaðsókn og fleiri skólar eru nú að velta fyrir sér að taka verkið til sýninga.

Hópurinn sem stóð að Frelsi var afar samheldinn og skemmti sér konunglega á æfingátímabilinu og komu foreldrar nemenda þar einnig við sögu því þeir sáu um veitingar þegar æfingarnar voru sem strangastar auk þess sem þeir byggðu nýtt svið í salnum.

Þar sem uppsetningin á Frelsi gekk svona vel var ákveðið að gera slíkt verkefni að föstum lið í skólastarfinu á þriggja ára fresti til að nemendur í unglingadeild fengju allir tækifæri til að taka þátt einu sinni. Tæpum þremur árum seinna var komið að söngleik númer tvö. Það voru Hunangsflugur og Villikettir sem fór á svið á haustdögum 2005. Að þessu sinni voru Flosi Einarsson og Einar Viðarsson við stjórnvölinn og sáu um að semja söngleikinn en Gunnar Sturla Hervarsson sem nú stundar nám í leikhúsfærdum, var þeim til



halds og traust og lagði jafnframt til nokkur lög. Sigurður Arnar Sigurðsson hafði yfirumsjón með verkinu sem fyrr. Það var ákveðið að fara aðra leið en í söngleiknum Frelsi því áætlað var að söguviðið skyldi vera Akranes á 7. áratugnum og voru höfundar því bundnir af þeim þáttum. Jafnframt var ákveðið að virkja sem flesta nemendur í unglingadeildinni og skipulagt var þriggja vikna þema í skólanum þar sem fjallað var um þennan tíma vítt og breitt. Sumir nemendur kynntu sér fata- og hártísku þessa tíma meðan aðrir köfðu í stjórnmálin og enn aðrir fjölluðu um myndlist og tónlist. Meðan á þemanu stóð hófust æfingar á söngleikum þannig að nemendur gátu verið í þeirri vinnu á skólatíma. Eftir að þemanu lauk hófust kvöldæfingar og þeir sem höfðu kynnt sér hártísku og fatatísku bættust í hópinn og sáu um hárgreiðslu og förðun.

Það er skemmt frá því að segja að Hunangsflugurnar fengu ekkert síðri viðtökur en Frelsi og sáu báðar sýningarnar ríflega 2000 manns! Einnig voru gefnir út geisladiskar með tónlistinni úr báðum þessum söngleikjum. Sagan endurtók sig einnig því foreldrar hjálpuðu mikil við þessa uppsetningu á sama hátt og í Frelsi.

Flosi Einarsson

## Hvar eru þau nú? 1983



**Nafn:** Bára Daðadóttir.  
**Fjölskylduhagur:** Einhleyp.  
**Búseta:** Hef búið í Arósum í Danmörku síðan í janúar og bý þar út janúar 2007 en annars er ég búsett í Reykjavík.

**Hvað ert þú að fást við í dag?** Ég er í Háskóla Íslands að læra félagsráðgjöf og er núna í skiptinámi í Danmörku við Den Sociale Højskole í Árhús.

Með skólanum hef ég unnið sem einkaþjálfari og aerobickennari í World Class í Laugum.

**Eftirminnilegt atvik úr Grundaskóla:** Frakklandsferðin í 10. bekk stendur kannski allra allra mest upp úr minningum mínum í Grundaskóla en það var svo rosalega margt frábært sem gerðist þar og þetta er held ég ferð sem fæst okkar eiga eftir að gleyma.

Ein saga þaðan er samt lang eftirminnilegust. Þá vorum við í skemmtigarði og höfðum með okkur nestispakka frá gestgjöfum okkar. Svo settumst við nokkur þarna niður í garðinum og ætluðum að fá okkur af nestinu. Við fórum svo að opna allt nestið, samlokurnar og það og þá opnar Friða sitt. Þá kom í ljós alls konar „ógeð“ eins og lifur og hrátt kjöt og ógeðslegar pulsar. Þá hafði hún fengið vitlausan poka með sér og fengið einhvern poka sem amman held ég átti að fá með matarafgöngum. Við köfnuðum náttúrulega úr hlátri.

**Lokaorð:** Ég vil bara óska Grundaskóla og öllum velunnurum hans innilega til hamingju með 25 ára afmælið og óska honum farsældar á komandi árum. Grundaskóli er að gera rosalega góða og skemmtilega hluti og ég er stolt af því að hafa verið nemandi þar. Takk kærlega fyrir mig!

# 25 ára afmæli Grundaskóla



# Stoðþjónusta í Grundaskóla

Grundaskóla er boðið upp á sérfræðiþjónustu af margvíslegu tagi, sem bæði nemiður, kennarar og foreldrar njóta með ýmsum hætti. Til að fræðast nánar um þessa starfssemi tókum við þá tali sem hafa hana með höndum.



**Erna Björg Guðlaugsdóttir**  
Námsráðgjafi/kennari

B.ed frá KHÍ og skolevejleder fra DPU (Danmarks pædagogiske universitet)

*Í hverju er starf þitt aðallega fylg-  
ið?*

Ég hjálpa nemendum að halda utan um nám sitt og að finna út úr því hvað þeir ættu að leggja fyrir sig í framtíðinni.

*Hverjir nýta sér þessa þjónustu  
helst?*

Nemendur 9. og 10. bekkja eru duglegastir að nýta sér þjónustuna. Ég hitti líka krakkana í 7. og 8. bekk lítillaga.

*Er mikilvægt að þessi þjónusta sé  
innan veggja skólans?*

Já, bæði krakkarnir og kennararnir þurfa að hafa greiðan aðgang að námsráðgjafa í daglegu skólastarfi.

*Manst þú eftir einhverju sköndnu  
atviki í tengslum við starfið?*

Margt sköndið hefur komið upp hjá okkur eins og t.d. í náms- og starfsfræðslutímum.

Einu sinni áttu nemendur að skoða störf og starfsheiti og einn nemandi nefndi það að hann lang-

aði að vinna við svona dæmi eins og þeir eru með í CSI í sjónvarpinu. Hann langaði að verða svona „LÍKKRUFNINGUR“. :)


**Sigurður Þór**  
**Sigursteinsson iðjuþjálfari**  
Iðjuþjálfari frá Ergoterapeutskolen í Árósum 1998.

*Hvenær hófst starfsemi iðjuþjálfara  
hér í Grundaskóla?*

Þjónustan hófst á vegum Heilsugæslustöðvar SHA árið 2001. Grundaskóli útvegaði í upphafi þjálfunaraðstöðu og hér er ég enn með frábæra aðstöðu.

*Í hverju er starf þitt aðallega fylg-  
ið?*

Starf mitt er fylgið í því að vinna með skyn- og hreyfiþroska hjá börnum. Einnig skoða ég setstöður barna og unglunga og lík-



amsbeitingu.

*Hverjir nýta sér þessa þjónustu  
helst?*

Ég sinni öllum leikskólunum á Akranesi og einnig Grundaskóla, Brekkubæjarskóla og Heiðarskóla.

Þau börn sem eru á eftir í skyn- og hreyfiþroska nýta þessa þjónustu og ég er mikið að vinna með finnhreyfingar hjá krökkum í 1.-5. bekk.

*Er mikilvægt að þessi þjónusta sé  
innan veggja skólans?*

Það er mikilvægt að geta komið inn með fyrirbyggjandi vinnu

eins og t.d. varðandi setstöður, líkamsbeitingu við tölvur, vinnuá-  
stöðu o.s.frv.

Einnig er gott að geta farið inn í bekkina og leiðbeint krökkum og kennurum með beitingu skriffæra o.s.frv.

*Manst þú eftir einhverju sköndnu  
atviki í tengslum við starfið?*

Þar sem nær öll þjálfunin fer fram í gegnum leik þá lenti ég á hverjum degi í einhverju skemmtilegu með krökkunum.

**Sigurveig Sigurðardóttir**  
sálfræðingur

Ég er kennari frá KHÍ og kenndi svo í fimm ár í sérdeild í Reykjavík áður en ég fór og lærði sálfræði í DLH í Kaupmannahöfn.

Fyrir rúmlega ári lauk ég svo tveggja ára námi í Hugrænni atferlismeðferð.

*Í hverju er starf þitt aðallega fylg-  
ið?*

Starfið má segja að skiptist í þrjá meginþætti: Fræðslu/forvarnir, leitarstarf og svo einstök mál hvort sem það eru mál einstaklinga eða hópa. Sem dæmi um fræðslu/forvarnir eru innlegg á foreldranáskeiðum og starf í nemendaverndarráði. Leitarstarf er t.d. fyrirlögn á Tove Krogh teikniverkefninu í 1. bekk og eineltiskannarnir og dæmi um starf að einstökum málum gætu verið athugun og greining á þroska nemanda, upp-



eldisráðgjöf til foreldra, ráðgjöf til kennara, meðferð vegna kvíða og í raun koma að flestu því sem upp á getur komið á þroska- og lífsferli nemenda á grunnskólaaldri.

Auk þessa er hluti af starfi mínu samvinna við aðrar stofnanir og sérfræðinga sem tengjast nemendum skólans.

*Hverjir nýta sér þessa þjónustu  
helst?*

Þeir sem geta vísað málum til mín eru foreldrar, nemendur, kennarar og svo t.d. heilsugæsla, fjölskyldusvið og barnalæknar. Á undanföllum árum hafa sífellt fleiri foreldrar komið með mál og nú er svo komið að heldur fleiri tilvísanir koma frá foreldrum en kennurum.

*Er mikilvægt að þessi þjónusta sé  
innan veggja skólans?*

Já mér finnst mikilvægt að þessi þjónusta sé innan skólans. Þar skiptir mestu aðgengið að þjónustunni. Það er mun léttara fyrir kennara að leita til einhvers sem er í sama húsnæði og einnig fyrir mig þegar ég er að hitta nemendur. Þannig verður líka sálfræðiþjónustan hluti af daglegu starfi.

*Manst þú eftir einhverju sköndnu  
atviki í tengslum við starfið?*

Já, ég man eftir að það var eitt sinn sem að kennari kom með ungan nemanda til mín sem hafði krafist þess að fá að hitta lögfræðinginn þar niðri, hann þyrfti að ræða við hann um ákveðið mál.

**Elmar Þór Þórðarson,**  
talkennari


Kennarapróf frá KÍ og kandi-  
datspróf frá Háskólanum í Ósló.

*Hvenær hófst talkennsla við  
Grundaskóla?*

Talkennsla hófst í Grundaskóla 1984 og hefur verið flest skólaárin eftir það.

*Í hverju er starf þitt aðallega fylg-  
ið?*

Nemendur með framburðargalla, stam eða verulegt frávik í málþroska fá talkennslu. Einnig er nemendum (og kennurum) sinnt sem eru með raddvanda af einhverju tagi.



*Hverjir nýta sér þessa þjónustu  
helst?*

Mest er þörf á talkennslu í yngstu bekkjum grunnskólans. Undanfarin ár hafa um 25-35% nemenda verið úr 1. bekk. Flestir fá talkennslu vegna framburðargalla af einhverju tagi. Stam hrjáir um 2% nemenda.

*Er mikilvægt að þessi þjónusta sé  
innan veggja skólans?*

Það er mikilvægt að nemendur njóti heildstæðrar þjónustu/kennslu innan grunnskólans. Ef talkennsla (talþjálfun) fer fram á einkastofu kostar það foreldra bæði fyrirhöfn og peninga og margir nemendur fara á mis við talkennslu. Hér áður fyrr kom fyrir að nemendur útskrifuðust úr grunnskóla blástir á máli eða kverkmæltir, sem vart gerist lengur.

*Manst þú eftir einhverju sköndnu  
atviki í tengslum við starfið?*

Eitt sinn þegar sex ára nemendur tóku svokallað teikniverkefni (athugun á málskilningi og teikni-  
færni) þá voru þeir beðnir um að teikna m.a. þrjá þríhyrninga þar sem sá í miðju ætti að vera minnstur. Þegar myndir nemenda voru skoðaðar eftir fyrirlögn kom í ljós að einn nemandi hafði teiknað furðulega þríhyrninga sem reyndist efnitt að meta „í lagi“ þrátt fyrir jákvætt hugarfar kennara. Form

Hvar eru þau nú?  
1987



**Nafn:** Heimir Einarsson.  
**Fjölskylduhagur:** Einhleypur

**Búseta:** Er búsettur nánast við hliðina á Grundaskóla, nánar tiltek-  
ið Einigrund 32. Ég bý nú ennþá á hótél mömmu og fæ topp þjónusta þar.

*Hvað ert þú að fást við í dag?* Í fréttum er það helst að ég er að ljúka við nám í rafvirkjun í Fjölbautaskóla Vesturlands og um leið er ég að melta það að halda áfram og læra trésmíði, því að ég tel það mjög spennandi að hafa réttindi á fleiri en einu sviði. Og svo er það náttúrulega fótboltinn sem að er búinn að eiga hug minn allan í sumar og svo hef ég reynt að vinna eins og ég get.

**Eftirminnilegt atvik úr Grundaskóla:** Það er nú eitt sem að poppar beint upp í huga mér, það eru hinir viðfrægu bekkjaleikir í fótbolta sem að fóru fram í frímínútum á grjóthörðu malbikinu í nýpressuðum fötum að heiman. Það var ansi oft heitt í kolunum í þessum leikjum en ég held nú að minn bekkur hafi bara alltaf unnið og ég held að ég hafi alltaf skorað sigurmarkið. Þetta er kannski smá ýkt útgáfa af sögunni en ég tel að hún liti betur út svona.


**Lokaorð:** Ég á margar skemmtilegar minningar frá þessum frábæra skóla og að lokum vil ég þakka nemendum, kennurum og öðrum starfsmönnum skólans kærlega fyrir samveruna.

FASTEIGNASALAN  
**HÁKOT**

Þríhyrninganna kom engan veginn fram. Nemandinn hafði þó skilið að „sá í miðju“ ætti að vera minnstur. Síðar kom fram að nemandinn hafði teiknað þrjá hrúta með þrjú horn og hafði þarinnig skilið fyrir mælin fullkomlega og útfært þau á sinn hátt á blaðið.

### Ragnheiður Þóra Grímsdóttir, sérkennari

Kennarapróf frá KÍ 1970. Sérkennarapróf KHÍ 1974.



### Ruth Jörgensdóttir Rauterberg, þroskaþjálfari

BA frá KHÍ

Hvenær hófst sérkennsla við Grundaskóla?

Ég hóf störf við Grundaskóla 1984. Síðan þá hefur sérkennsla farið fram í skólanum.



Í hverju er starf þitt aðallega fylgið?

Ég sinni börnum sem eiga í erfíðleikum með nám eða hegðun. Þar að auki er ég fagstjóri sérkennslu í 1.-6. bekk.

Hvers vegna er sérkennslan svo mikilvæg?

Allar ástæðurnar get ég ekki tíundað í svo stuttu máli. Kannski er mikilvægasta hlutverk hennar að stuðla að jöfnuði.

Manst þú eftir einhverju sköndnu atviki í tengslum við starfið?

Mér þótti mjög vænt um það þegar nemandi sem ég hafði kennt (hitt) reglulega í tvö ár spurði mig: „Hvað vinnurðu Þóra?“ Það tók mig langan tíma að koma honum í skilning um það að vinna mín með honum væri mitt starf en ekki eingöngu skemmtun.

Manst þú eftir einhverju sköndnu atviki í tengslum við starfið?

Kannski þegar ég var að vinna á Hæfingastöð í Kópavogi og fór með nokkra vinnufélaga (þjónustunotendur) á bókasafnið. Kom þá maður til mín, klappaði mér á öxlina, horfði með vorkunnsemi á ungu mennina við hliðina á mér og sagði: „Já, þetta er erfitt, þetta er erfitt.“ Og það stóð ekki á svari hjá ungu mönnum: „Þetta er allt í lagi, við getum hjálpað þér.“

### Margrét Þorvaldsdóttir, sérkennari, fagstjóri sérkennslu á unglíngastigi og smíðakennari

B.ed próf frá KHÍ 1986, með heimilisfræði sem val. Viðbótarnám 1986-87, smíðaval. Diplómunám (30e) í sérkennslufræðum 2003. Fjarnám í framhaldsdeild KHÍ, haust 2006.



Hvenær byrjaðir þú að kenna við Grundaskóla.

Ég hóf störf við skólann haustið 1989, kenndi þá almenna kennslu og heimilsfræði. Fáum árum seinna byrjaði ég að kenna smíði samhliða almennu kennslunni og hef gert það síðan. Haustið 2003 varð ég síðan fagstjóri í sérkennslu á unglíngastigi.

Í hverju er starf þitt aðallega fylgið?

Sem sérkennari kenni ég nemendum sem þurfa aðrar leiðir að námsefninu, þurfa meiri endurtekningu en aðrir eða annað námsumhverfi, rólegra og fámennara.

Ýmislegt er fylgið í starfi fag-

stjórans. Ef ég á að nefna það helsta þá fer ég, ásamt fleirum, yfir umsóknir um sérkennslu og útteili tímum þar sem þörfin er mest. Ég er kennurum til ráðgjafar varðandi úrræði og val á námsefni. Ég legg ýmis próf og skimanir fyrir nemendum, til að greina greina hvort nemandi eigi við einhverja námsörðugleika að etja. Ég sit í nemendaverndarráði, kem að undirbúningi samræmdra prófa í 7. og 10. bekk, vinn einstaklingsnámskrár ásamt umsjónarkennurum og margt fleira.

Manst þú eftir einhverju sköndnu atviki í tengslum við starfið?

Það atvik sem mér finnst standa upp úr er samtál okkar Freys Karlssonar en ég var svo lánsöm að vera sérkennari hans í 10 ár. Freyr útskrifaðist 2005 og er núna nemandi á starfsbraut í FVA. Þessi saga er ekki sköndin heldur falleg og lærdómsrík. Ef fleiri hugsuðu eins og hann og kynnu að meta hlutina á sama hátt - þá væri tilveran dámsamleg.

Atvikið var eitthvað á þessa leið:

Freyr stendur við gluggann og horfir út.

Hann snýr sér að mér og segir: „Margrét, ég er svo glaður.“

„Af hverju ertu svona glaður, Freyr minn?“

Jú, sólin skín.“

Þetta er eitt af þeim atvikum sem gleymast aldrei.



### Vigdís Eyjólfsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur

Hefur þessi þjónusta alltaf verið til staðar í Grundaskóla?

Já, ég held að hér hafi alltaf verið starfandi skólahjúkrunarfræðingur í 50 % starfi. Ég byrjaði að starfa hér árið 2000.

Í hverju er starf þitt aðallega fylgið?

Það er eiginlega þríþætt. Ég sinni almennri heilsuvernd, smáslýsaþjónustu og fræðslu.

Er mikilvægt að þessi þjónusta sé innan veggja skólans?


Það er eiginlega nauðsynlegt. Að vissu leyti vegna öryggis en einnig hagræðis. En auðvitað vinn ég náið með heilsuverndinni á sjúkrahúsinu.

Manst þú eftir einhverju sköndnu atviki í tengslum við starfið?

Það er auðvitað aldrei gamanmál þegar börn meiða sig eða verða veik. Samt getur maður sem betur fer stundum leyft sér að brosa út í annað og jafnvel hlæja með þeim þegar allt er orðið betra.

Friðrika Eygló Gunnarsdóttir og Hjördís Dögg Grímarsdóttir

## Hvar eru þau nú? 1980



Nafn: Sigrún Ósk Kristjánsdóttir. Fjölskylduhagrir: Hleyp ein og barnlaus.

Búseta: Bý á Bifröst í Borgarfirði.

Hvað ert þú að fást við í dag? Ég er að læra heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst.

Efírminnilegt atvik úr Grundaskóla? Þau eru svo mörg! Ég man til dæmis vel eftir því þegar Sveinn kennari kom með selskinn af Ströndunum og leyfði okkur að líma það á litla tréseli. Einhvern tímann gaf hann okkur líka hákarl og laug því reglulega að okkur að hann hefði verið rostungatannlæknir á Grænlandi. Árgangurinn minn innihélt líka marga litríka karaktera og ég minnst þess að ákveðin aðilar hafi slitið liðbönd, hella mjólk í hár, brotið tennur, fleygt skólabókum út um gluggann, sett fuglafræ í pönnukökur, dansað uppi á bordum, farið í „kyss, kyss eða útaf“ og mætt með koddra í skólann til að geta sofist fram á borðið á sem þægilegastan hátt. En yfirleitt vorum við nú flest frekar stillt og fróðleiksfús. Eða ég held það...

Lokaorð: Bið bara að heilsa liðinu!

## Hollvinir Grundaskóla

Fyrir dyrum stendur stofnun félagsins „Hollvinir Grundaskóla“. Það er hópur af gömlum nemendum, starfsmönnum og öðrum velunnurum sem vinna að undirbúningi og hafa nú þegar um 70 einstaklingar skráð sig til leiks. Sjálfsgagt hafa enn fleiri áhuga á að vera með. eru þeir hvattir til að hafa samband við Viktor Elvar Viktorsson eða Sigurð Arnar Sigurðsson.



## Hvar eru þau nú? 1986



**Nafn:** Lára Björgvinsdóttir.  
**Fjölskylduhagir:** Einhleyp.  
**Búseta:** Flyðrugrandi 8, 107 Reykjavík.

**Hvað ertu að fást við í dag?** Í dag er ég á fyrsta ári í lifefnafræði í Háskóla Íslands.

**Eftirminnilegt atvik úr Grundaskóla:** Ég á margar góðar minningar úr Grundaskóla. Elstu skemmtilegu minningarnar eru þegar við bekkjar-systkinin fengum að leika okkur uppi á lofti í appensínugulu bygginguni okkar (sem er ekki lengur appelsínugul). Þar var ýmislegt skemmtilegt, eins og gömul fót sem við klæddum okkur í og og lékum hlutverk.

Ferðirnar sem við fórum í voru líka mjög skemmtilegar og atburðaríkar. Þá man ég til dæmis eftir því þegar strákarnir héldu óvænt drag-sjón í Skorradal og þegar Arna vinkona viðbeinsbrotnaði í skíðaferðalagi.

Í Grundaskóla mynduðust góð vinabönd og við stelpurnar í bekknum náðum vel saman sem hópur því við vorum svo fáar. Í unglíngadeildinni héldum við svokölluð matarboð til skiptis, þar sem við buðum hver annarri í mat og höfðum þema í boðunum.

**Lokaorð:** Þegar ég hugsa til baka er ég mjög ánægð með skólagöngu mína í Grundaskóla. Ég gæti endalaust haldið áfram að telja upp gamlar góðar minningar með bros á vör, en það gefst hvorki tími né pláss hér til þess.

# ÓJ&K

## „Mömmurnar“ í Grundaskóla

Í Grundaskóla hefur verið starfrækt mótuneyti síðan haustið 2003. Systa og Alla hafa séð um mótuneytið frá upphafi og langar okkur að forvitnast um starf þeirra.

**Hvað eru að meðaltali mörg börn sem borða í hádeginu í Grundaskóla?**

Þau eru allt frá 308 og upp í 430 á dag.

**Hvernig finnst ykkur ganga að gefa öllum þessum börnum að borða?**



Við byrjum að leggja á borð kl. 8:00 og á milli 8.30 og 9.00 byrjum við að undirbúa hádegismatinn. Svo þarf að þvo og skera niður grænmeti. Upp úr 9.30 byrjum við á aðalréttinum og á meðan hann mallar þá hugum við að meðlætinu. Gerum vagnana klára fyrir vatnskönnurnar og hrásalatíð og svo kl.11.30 koma fyrstu bakkarnir úr ofnunum og næstu bakkar fara inn í ofnana og þá biða okkar svona um 120 glorsoltnir nemendur um 11.40. Næsti hópur kemur kl.12.00 og síðasti hópur kemur kl.12.20 til 13.00. Þá þurfum við að hafa snör handtök til að allir fái matinn sinn á réttum tíma því nemendur eru ýmist að koma eða fara í tíma.

Eftir matinn tekur uppvaskið við og allur frágangur í sal og í eldhúsi.

Sá tími sem fellur til fer í að skipuleggja, panta og kaupa inn fyrir mótuneytið. Það er í mörg horn að líta þegar maður er með svona barnmargt heimili. Mikið álag fyrir okkur einstæðu mæðurnar!!!!!!!

Kristrín Marteinsdóttir  
og Margrét Ákadóttir



Það gengur bara alveg ótrúlega vel. Það er gott skipulag og góð samvinna.

En það eru þó nokkrir kolsvartir sauðir sem greinilega kunna ekki til verka í eldhúsinu heima hjá sér. Nefnum engin nöfn!!!!!!! En þetta fer nú vonandi allt að koma.

**Kunna krakkarnir að meta matinn sem er í boði?**

Jú, en sumt er náttúrulega vinsælla en annað. Grjónagrautur og slátur er í miklu uppáhaldi. Annars borða þau nánast allan mat og allan mat þegar þau eru svöng.

**Hvernig gengur dagurinn fyrir sig?**



## Gutti skólastjóri

Þegar Grundaskóli var stofnaður fyrir 25 árum síðan þá hafði um allnokkra hrið verið mikil gróska í skólaumræðu á Vesturlöndum. Í flestum löndum átti sér stað gagnger endurskoðun á skólakerfinu og mörgum nýjum hugmyndum hrint í framkvæmd. Allt með það fyrir augum að bæta skólana og hækka menntunarstudul þjóðanna. Menn þóttust þá sem nú sjá samhengi á milli góðra skóla og velferðar.

Í þeirri fjölbreyttu flóru hugmynda sem hrint var í framkvæmd víða um lönd var hugmyndin um svokallaðan opinn skóla býsna áberandi. Að vísu var hugmyndin ekki jafn ný af nálíni og menn vildu vera láta og örugglega var hugmyndafræðin á reiki og menn ekki á eitt sattir um skilgreiningu.

Af íslenskum skólum var það e.t.v. Fossvogsskóli í Reykjavík sem fyrstur reið á vaðið en Grundaskóli og Vesturbæjarskóli komu þar skammt á eftir. Fyrstu kennarar skólans hófu störf sín vissulega á þeim hugmyndagrunni og sjást þess greinileg merki í elstu álmu skólans,

þar sem skólastofurnar eru opnar með stóru miðsvæði á milli. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og þróun skólans gengið í gegnum mismunandi skeið eftir aðstæðum hverju sinni en þó aldrei horfið frá þeim grunngildum sem í upphafi voru mörkuð.

Óhætt er að segja að á þessari 25 ára vegferð hafi Grundaskóli verið þó nokkuð áberandi í íslensku skólasamfélagi og minnti svo sannarlega á sig þegar hann fyrstur skóla fékk Íslensku menntaverðlaunin 2005. Hið sama má segja um skólastjórnann. Ef nafn Grundaskóla hefur borið á góma þá hefur því óhjákvæmilega fylgt nafn Gutta. Hann hefur með stjórnun sinni komið fram sem eins konar tákngervingur alls þess sem skólinn stendur fyrir, fremstur meðal jafningja. Hann heitir reyndar Guðbjartur Hannesson en hefur þó meir en fúslega gegnt sínu viðkunnalega viðurnefni hvar og hvenær sem er. Það segir svolítið um manninn. Í tilefni þessa merka afmælis tókum við Gutta tali.

Til hamingju með afmælið Gutti. Hvað er þér efst í huga á þessum merku tímamótum?

Mér er efst í huga hversu farsæl og skemmtileg þessi ár hafa verið. Hvílik forréttindi það eru að hafa fengið að vera með frá byrjun, jafnvel í undirbúningnum. Mér er einnig ofarlega í huga hversu fráþætt starfsfólk hefur verið við skólann og almennt finnst mér nemendur verða betri og betri ár frá ári.

Hvaða stefna var í upphafi mörkuð?

Það er svolítið skemmtilegt að segja frá því að allt frá byrjun var lögð áhersla á nemandann. Við gengum út frá því að góð líðan nemenda væri forsenda náms og við vorum meðvitund um að nemendur þroskast misfljótt og hafa mismunandi hæfileika og lögðum áherslu á að reyna að koma til móts við getu og hæfileika hvers og eins. Við tókum strax upp valkerfi til að leyfa nemendum að hafa áhrif á nám sitt og ákváðum einnig að skólinn skyldi vera hluti af samfélaginu, opinn þeim sem vildu nýta hann. Þá lögðum við áherslu á gott samstarf við foreldra. Í heildina hefur þetta tekist mjög vel þó við hefðum stundum getað gert betur.

Eru svo miklar breytingar að hægt sé að tala um byltingu á þessum 25 árum?

Veit ekki hvort rétt sé að tala um byltingu, en það hafa orðið verulegar breytingar og það er óhætt að tala um byltingu í allri aðstöðu. Hugmyndir og þekking á námi og kennslu hafa aukist og það hefur orðið bylting í allri tækni. En stundum finnst manni að grunnatriðin, umhyggja, jákvæð hvatning og að þykja vænt um nemendur skipti meira máli en húsnæði og tækni. Samfélagið í dag gerir meiri kröfur til nemenda en fyrir 25 árum og mér finnst krakkar standa mjög vel undir þeim þó hættur sé samtímis fleiri og of margir falli fyrir ýmsum freistingum. Ég hef stundum áhyggjur á vaxandi sérhyggju, einstaklingshyggju, sem stangast á við hugmyndafræði mína þar sem mér



Gutti útskrifar fyrsta nemandann úr Grundaskóla í maí 1988. Nemandinn á myndinni er Árdís Haukdóttir.

finnst samábyrgð mikilvægari og um leið eiginleikinn að kunna að samgledjast og hvetja hvern annan til dáða.

Er Grundaskóli opinn skóli?

Ég hef aldrei notað þetta hugtak. Engir hinna svokölluðu opinna skóla eru eins. Ég hef valið að lýsa skólanum, sem skóla með sveigjanlega kennsluhætti. Elsta byggingin er með opin kennslurými og getur sem slík staðið undir nafni opinna skóla.

Nú stækkaði húsnæði skólans í þrepum. Hefur vel tekist til með hönnun og byggingu?

Já það tel ég. Umhverfi hefur klárlega áhrif á líðan og mér hefur stundum fundist skorta skilning á mikilvægi þess að hafa fallegt og bjart umhverfi. Hér dvelja börn allt upp í 8-9 klst. á dag og það skiptir verulegu máli hvernig aðbúnaður er. Hver bygging er barn síns tíma. Elsta álma skólans ber þess merki að koma í lok oliukreppunnar, þar eru minni gluggar og lægra til lofta til að spara orku. Þá var tíska þess tíma að hafa

dökka liti. Sem betur fer hefur starfsfólk skólans oftast fengið að vinna mjög náð með hönnuðum og það hefur á vissan hátt skilað okkur því góða umhverfi sem við búum við.

Hvað er góður nemandi?

Það er svo merkilegt þegar talað er um góðan nemanda, góðan kennara og góða foreldra að þá erum við alltaf að tala um sömu eiginleikana. Ég gæti nefnt hundrad eiginleika en nefni nú aðeins það sem er mér efst í huga. Góður nemandi sýnir jákvætt viðmót, er áhugasamur og lærir að nýta þá hæfileika sem hann hefur. Alveg sama hver hann er og hvaða aðra eiginleika hann hefur.

Hver er starfsmannastefna skólans?

Við höfum sömu grunnhugsun gagnvart starfsmönnum og nemendum. Góð líðan er megin forsenda góðs árangurs. Við gerum sömu kröfur til kennara og annarra starfsmanna. Við viljum að starfsfólk temji sér jákvæðni, sé hvetjandi, hafi faglegan metnað með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Við viljum að starfsmenn séu tilbúnir til að leita nýrra leiða og séu virkir í samstarfi. Þetta gildir um alla starfsmenn skólans.

Hvernig hefur samstarfið við foreldra þróast á þessum 25 árum?

Allt frá byrjun lögðum við áherslu á gott foreldrasamstarf og þá einkum samstarf foreldra við umsjónarkennara um gengi barna sinna. Jafnframt komu foreldrar að ýmsum dagskrárliðum, þeir mættu í vinnu á skólalóðinni, gróðursettu og smíðuðu leikföng. Þá vorum við með tómtundakvöld þar sem nemendur og foreldrar voru saman í alls kyns verkefnum. Fristundavalið hefur tekið við þessu hlutverki. Samstarfið við foreldra er orðið formlegra með árunum, foreldrafélag var stofnað og hefur unnið verulega vel og stutt mjög við skólastarfið og síðar kom foreldraráð sem formlegur samstarfsaðili um ýmsar áætlanir skólans. Allt þetta er til bóta. Foreldrar hafa alla tíð staðið þétt við bakið á okkur og unnið vel með okkur að sameiginlegu markmiði

allra, að bæta nám og kennslu barnanna.

Varð merkjanleg breyting á starfsumhverfinu þegar skólinn fluttist alfarið yfir til sveitarfélagsins?

Samstarf við bæjaryfirvöld hefur ávallt verið gott. Þegar baráttan stóð sem hæst fyrir bættri aðstöðu fyrir grunnskólanemendur á Akranesi, var veruleg togstreita á milli starfsmanna skólanna og bæjaryfirvalda. Þetta breyttist með batnandi aðstöðu og skýrum vilja bæjaryfirvalda til að bæta skólastarfið. Allur aðbúnaður og aðstæða á Akranesi er til fyrirmyndar, þó alltaf megi laga og bæta. Samstarf við bæjaryfirvöld er mjög gott, ég held að fólk almennt sjái að við erum að reyna að vinna bænum okkar vel. Yfirtaka sveitarfélagsanna á öllum rekstri grunnskólanna hefur aukið nálægðina og aukið kröfur íbúa um góða þjónustu og sveitarfélögin hafa brugðist við og varið stóru auknu fjármagni til skólanna.

Hvernig hefur samstarfið verið við íþróttahreyfinguna og frjáls félög í bænum?

Allt frá upphafi fannst mér sjálfsgaet að skólinn nýttist sem best í þágu bæjarbúa. Kannski hefur haft áhrif að ég skrifaði lokaritgerð í námi í Danmörku „Skólinn



Góðir gestir frá Leikskólanum Teigaseli í heimsókn haustið 2006.

sem tómtundastofnun“, en þar var m.a. fjallað um skólana á Akranesi, hvernig best mætti nýta þá fyrir alls kyns æskulýðsstarf samhliða skólastarfi. Ég tel skólana eiga og geta verið mikilvægir menningarstofnanir í samfélaginu og gleðst yfir hve mikið byggingarnar eru notaðar.

Hvernig hefur samstarfi við hina skólana í bænum verið háttad?

Við lítum á okkur sem skilgetið afkvæmi Barnaskólans á Akranesi, nú Brekkubæjarskóla. Þeir krakkar

sem byrjuðu hér haustið 1981 komu allir úr þeim skóla sem og kennarar. Ég var sjálfur nemandi í barnaskólanum og einnig gagnfræðaskólanum. Allt frá upphafi hafa þessir skólar átt gott samstarf. Stundum hefur verið einhver rígur en oftast þá á milli nemendahópa. Við höfum ávallt átt gott samstarf við Tónlistarskólann og Fjölbautaskólann, þó stundum skorti tíma til að þróa það samstarf enn frekar.

Er e.t.v. róttækra breytinga að vænta í samstarfi grunn- og framhaldsskóla?

Skólar breytast hægt. Við gerum ýmsar róttækar breytingar í einstökum greinum og það má tala um verulegar breytingar í aðstöðu og kröfum til nemenda og skóla. Eftir sem áður þá sýnist mér breytingarnar meira vera þróun en róttækar breytingar. Ágætt dæmi er þessi þróun að nemendur geti flýtt námi sínu. Þetta var raunar prófað í árdaga Fjölbautaskóla Vesturlands, þegar gagnfræðaskólinn og fjölbautaskólinn voru í sama húsi. Þá gátu nemendur hafið framhaldsnám eftir jólna á lokarári sínu. Umræða hefur verið í nokkur ár að stytta nám til stúdentsprófs og hafa menn þar m.a. verið að eltast við samanburð við skólagöngu erlendis. Fjármálamenn hafa líka keppt við að reikna áætlaða hagkvæmni þess að



Skólaferðalag gagnfræðinga til Írlands 1967. Gutti til vinstri á myndinni. Skólasystur, Auður Vesteinsdóttir og Ólöf Jónsdóttir til hægri.



Starfsfólk Barnaskóla Akraness vorið 1980. Gutti annar frá vinstri.

stytta nám. Ég skil ekki þessa umræðu. Mér finnst mun eðlilegra að halda áfram að þróa kröfuna um að einstakir nemendur nýti hæfileika sína sem best. Þannig geta sumir lokið prófum á styttri tíma en aðrir. Áfangaskólarnir hafa alltaf gert ráð fyrir þessum möguleika og við í grunnskólunum getum nýtt okkur þeirra kerfi og leyft nemendum að fara hraðar. Ég tel þó varhugavert að skilgreina stúdentspróf eins og verið sé að fylla kassa af ákveðinni stærð af ákveðnu innihaldi. Ég hef alltaf verið aðdáandi fjölbreytninnar og get ekki séð nema kosti þess að

nemendur sækir sér atvinnureynslu og nám bæði af bóknáms- og iðnbrautum og læri einfaldlega meira í stað þess að reyna að koma þeim út úr skóla sem fyrst.

*Gæti þessi „flýttistefna“ á einhvern hátt riðlað félagslegri kjölfestu grunnskólans?*

Flýting og einstaklingsmiðað nám getur hæglega riðlað félagslegri kjölfestu ef við vöndum okkur ekki vel. Ég held þess vegna að mikilvægt sé að gefa nemendum kost á að stunda nám og ljúka einingum í framhaldsnámi samhliða náminu í grunnskólanum án þess að skipta um skóla. Krakkar eru

vanir að vera í alls kyns valhópum og sjálfsagt að sumir séu í einingunámi framhaldsskólans. En eins og áður sagði ber að varast að halda að flýtinám í einstökum greinum leiði sjálfkrafa til betri menntunar. Við megum aldrei gleyma að skólaganga og menntun er ekki það sama. Reynsla, samskipti, fræðsla á heimilum og vinna á vinnumarkaði geta menntað einstaklinginn þó skólagangan sé ekki löng.

*Saknar þú einhvers úr skólstarfi gamla tímans?*

Gamla góða for-

tídarþráin lætur ekki að sér hæða. Þegar ég horfi til baka þá sakna ég vissulega margt. Ég sakna gamla félaga og kennara og margra skemmtilegra stunda sem nemandi og síðar með nemendum. Ég held þó að flest það sem við erum að gera í dag sé betra en þegar ég var í skóla þó margt hafi verið frábærlega gert miðað við aðstæður þess tíma. Ég vona t.d. að við sjáum aldrei aftur flokkun í bekki eftir námsgetu. Getuskipting getur átt rétt á sér í ákveðinni grein tímabundið en það er ekki ásættanlegt að skipta nemendum eftir einhverjum almennum mælikvarða í góða og slaka nemendur, t.d. eftir lestrarhraða eins og áður var gert. Ég held að blöndun í bekki komi öllum vel. Eiginleikar okkar eru svo mismunandi og við bætum hvert annað upp, kennum hvert öðru svo margt. Alveg eins og í lífinu öllu.

*Hvaða hefðir hafa skapast hér á þessum 25 árum?*

Skólinn byrjaði aðeins með árgangana '72, '73 og '74 en árið eftir bættust tveir árgangar við. Fyrsta útskrift skólans var ekki fyrr en '72 árgangurinn útskrifaðist vorið 1988. Margar af okkar fyrstu hugmyndum hafa lifað allt frá upphafi þó sumar hafi tekið einhverjum breytingum og nýjar fæðst. Þannig hefur ávallt verið í gangi valkerfi í einhverri mynd, nú síðast í svokölluðum umsjón-val tímum. Við endurreistum árhátíðir nemenda í samráði við Brekkubæjarskóla, en þær höfðu fallið niður. Nú hafa þær færst úr Bíoðöllinni inn í skólana, en eru enn með svipuðu sniði. Þá ákváðum við strax við fyrstu útskrift að halda veglega veislu þar sem foreldrar útskriftarnema sáu um veitingar. Þetta er enn við líði. Smám saman komu hefðir eins og sjávarútvegsþema, útgáfa skólablaðs, smásagnasamkeppni í 10. bekk og fleira. Ýmsar námsferðir eru orðnar hefðbundnar og ber þar hæst árleg útskriftarferð 10. bekkinga í Þórsmörk. Hér hefur verið lifandi tónlistarstarf með reglubundnum samsöng og árlegri hæfileikakeppni og nú er að skapast sú hefð



Árshátíð Barnaskóla Akraness 1962. Ávintýralandið, stjórnandi Þorgils Stefánsson. Frá vinstri: Guðbjörg Halldórsdóttir, Gutti, Dagný Þorgilsdóttir, Valdimar Björgvinsson.

að setja upp stóra söngleiki á þriggja ára fresti. Sífellt bætast við nýjar venjur sem falla undir hefðir skólans fyrr eða síðar.

*Manstu Selfossferðirnar? Hvers vegna hættu þær?*

Já, hvort ég man! Ég keppti sem nemandi í Gagnfræðaskólunum bæði í hástökki og skák á sínum tíma og stökk með „sax“ aðferð býsna hátt að mér fannst. Selfossferðir eru einmitt ágætt dæmi um hefðir sem við tókum upp frá Gagnfræðaskólanum. Þetta tókst sérlega vel í byrjun en svo orðu árekstrar á milli krakkanna í einhverjum skipti, nánast slagur á milli og þá var ákveðið að hætta þessum ferðum. Skólarnir á báðum stöðum voru líka orðnir svo fjölmennir að þetta gekk ekki lengur upp. Þó getur vel verið að hægt sé að endurvekja þetta í einhverri mynd síðar. Væri t.d. ekki tilvalið að skipuleggja stóra íþróttahátíð í nýju Akraneshöllinni?

*Kanntu að segja frá einhverjum spaugilegum atvikum úr skólstarfinu?*

Það eru mörg spaugileg atvik en því miður hef ég aldrei skrifað þau niður. Maður minnst helst þeirra atvika sem oftast hafa verið rifjuð upp og oftast en ekki tengjast þau smá óknyttum eða hrekkjum.

Þá hafa nemendur átt sín skemmtilegu augnablik í viðtölum hjá skólastjóra. Einn nemandi hafði mætt oft of seint og jafnvel



Á tindri Kilmanjaró. Gutti lengst til hægri. Ferðafélagar frá Akranesi eru Engilbert Guðmundsson lengst til vinstri og hjónin Jensína Valdimarsdóttir og Georg Janusson við hlið Gutta.

sleppt dögum. Þegar ég kallaði stráksa til mín og las honum pistilinn þá sat hann og hlustaði, stakk ekki inn einu orði. Þegar ég var við það að ljúka löngum pistli og dró andann fyrir lokahnykkinn stóð hann rólega upp, rétti mér höndina og sagði „þakka þér fyrir Guðbjartur“ og gekk út. Hvað segir

maður þá?

*Segðu okkur frá því hvernig það atvikadist að þú gerðist kennari og síðar skólastjóri?*

Ég hef alltaf verið félagslyndur, var m.a. virkur í barnastúkunni, rak tólmstundaklúbb og gaf út blað þegar ég var tólf ára. Frá tíu ára aldri var ég í skátastarfi og gerðist þar foringi mjög ungur. Var raunar líka formaður skólafélagsins í Gagnfræðaskólanum á Akranesi. Eftir að ég lauk gagnfræðaprófi stóð valið á milli Kennaraskólans og Samvinnuskólans í Bifröst. Ég endaði í KÍ og sé ekki eftir því. Þá var kennaranámið 4 ár eftir gagnfræðaskólann og ég útskrifaðist 21 árs sem kennari og hóf kennslu í gamla skólanum mínum hér á Skaga. Ég kenndi í tvö ár, réði mig síðan til Bandalags íslenskra skáta sem erindreki og framkvæmdarstjóri en eftir tvö ár fór ég í framhaldsnám í Kaupmannahöfn og þá í „fritidspædagogik“ sem ég kalla tólmstundakennaranám. Eftir fjögurra ára dvöl í Danmörku þar sem ég var við nám í þrjú ár og kennslu



Brekkusöngur á afmælishátíð. Gutti tekur lagið með fríðum hópi nemenda.



Afhending Íslensku menntaverðlaunanna 2005 fór fram við hátíðlega athöfn á sal Vidistadaskóla.

Í eitt kom ég heim og réði mig til kennslu aftur við gamla barnaskólann sem þá hafði raunar fengið nafnið Grunnskólinn á Akranesi. Meðan ég var í námi vann ég áður nefnt verkefni hér á Akranesi, „Skólinn sem tómstundastofnun“, með dönskum félögum mínum. Þetta var haustið 1977 og höfðum við aðsetur í Gagnfræðaskólanum. Sama haust tók Fjölbrautaskólinn til starfa í sama húsnæði og hönnun nýs grunnskóla á Akranesi var þá líka nýlega hafin. Um þetta leyti var ég kallaður á fund byggingarnefndar „Garðaskóla“ eins og hann var kallaður á hönnunarstigi og fékk tækifæri að kynna skoðanir mínar um nýja skólabyggingu. Seinna, þegar starf skólastjóra var auglýst, komu nokkrir starfsfélagar til mín í heimsókn í Hlíðarhús og skorudu á mig að sækja um skólastjórstöðuna, sem ég síðar gerði. Þannig ætlaðist þetta allt saman. Ég var ráðinn vorið 1981 og fékk tækifæri til að ráða samstarfsfólk og undirbúa skólann sem hófst síðan um haustið, eða 6. október, eftir skemmtilegan undirbúning með frábæru fólki. Við höfðum aðsetur í gamla íþróttavallarhúsinu á meðan á byggingu skólans stóð.

Íslensku menntaverðlaunin! Þú hlýtur að hafa lítið á þau sem persónulegan sigur fyrir þig?

Ekki fyrst og fremst persónuleg-

an sigur, heldur viðurkenningu til handa frábærum hópi starfsfólks, sem ávallt hefur verið tilbúinn að vinna mikið og reyna nýja hluti til að ná sem bestum árangri og gera skólustarfið skemmtilegt. Á sama tíma og við höfum varðveitt grunngildin þá höfum við verið óhrædd að þróa nýjar leiðir. Þá höfum við haft frábæra nemendur, foreldra og góðan stuðning bæjarfélagsins. Mitt hlutverk hefur auðvitað verið að móta starfið með kennarahópnum í byrjun og síðan að reyna að laða það besta fram hjá hópnum í heild. Auðvitað tel ég mig eiga minn þátt í þessu öllu saman. Alveg eins og við öll. En vandi fylgir vegsemd hverri. Áfram munu því allir þurfa að leggja sitt litla að mörkum í viðleitninni til að bæta menntunina og rækta manngildið, minnug þess að það eru börnin í grunnskólanum sem erfa landið.

Það er við hæfi að þetta verði lokaorðin, í bili a.m.k. Við þökkum Gutta fyrir viðtalið og óskum honum velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi. Eins og mönnum er kunnugt þá hyggur hann á þingsetu á vori komanda.

Leó Jóhannesson

## Hvar eru þau nú? 1976



**Nafn:** Christel Björg Rúdólfsdóttir.

**Fjölskylduhagir:** Gift Gunnari Sturlu og eigum við þrjú börn, Margréti Sögu tólf ára, Hervar sjö ára og Elviru Öglu eins árs.

**Búseta:** Aarhus í Danmörku.

**Hvað ert þú að fást við í dag?** Ég er í kandidatsnámi við Danmarks Pædagogiske Universitet og er þar að læra General Pædagogik. Þetta er framhaldsnám við kennaramenntun mína.

**Eftirminnilegt atvik úr Grundaskóla:** Þau eru mörg, eigum við ekki að segja að m.a. hafi eftirminnilegt atvik gerst í dönskutíma hjá Gutta skólustjóra í 4. bekk, leikritin sem voru samin í yngri bekkjum og eru enn til á video í eigu Valgeirs kennara okkar, bekkjarkvöldin þar sem var dansað og verið með skemmtiatriði, bóllin þar sem okkur var skipt upp í strákar öðrum megin og stelpur hinum megin og svo átti að bjóða upp í dans, skíðaferðalögin þar sem ýmislegt var brallað, fermingarferðalagid var frábær skemmtun þar sem séra Björn svaf lítið sem ekkert alla nóttina og svo margt margt fleira. Ég gæti endalaust talið upp eitthvað skemmtilegt.

**Lokaorð:** Ég vil óska starfsfólki Grundaskóla innilega til hamingju með afmælið. Ég er afskaplega þakklát fyrir að hafa verið nemandi og svo kennari í Grundaskóla. Haldið áfram á sömu braut, hamingjuóskir frá Danmörku.



## Hvar eru þau nú? 1988



**Nafn:** Steinunn Eik Egilsdóttir.

**Fjölskylduhagir:** Einhleyp og barnlaus.

**Búseta:** Búsett í föðurhúsum á Akranesi.

**Við hvað ertu að fást í dag?** Ég er á þriðja ári í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Ég sit þar bæði í aðalstjórn NFFA og sem fulltrúi nemenda í skólaráði.


**Eftirminnilegt atvik úr Grundaskóla:** Við stelpurnar brölluðum ýmislegt skemmtilegt saman í gegnum árin. Skólaböllin í Grundaskóla voru líka alltaf jafn skemmtileg. Lokaferðalagid í Þórsmörk í 10. bekk stendur þó einna helst upp úr, ferð sem við krakkarnir munum seint gleyma.

**Lokaorð:** Þegar maður horfir til baka áttar maður sig á því hvað það voru í raun mikil forréttindi að vera í Grundaskóla. Grundaskóli er frábær skóli, heimilislegur, hlýr og þar er jafnframt unnið metnaðarfullt starf. Það er ekki ósjaldan sem ég og vinkonur mínar höfum óskað þess að vera enn í Grundaskóla. En það er alltaf gaman að koma í heimsókn í gamla skólann sinn og það viðmót sem ríkir innan veggja skólans verður að teljast einstakt. Takk fyrir mig!



## Söguaðferðin í Grundaskóla

Söguaðferðin (story-line) hefur markvisst verið notuð í Grundaskóla nánast í öllum árgöngum upp að unglingsstigi sl. 4-6 ár. Einnig hefur hún verið notuð að einhverju leyti á unglingsstiginu, þá aðallega í einstaka greinum eins og samfélagsfræði og íslensku. Aðferðin er lifandi og nemendur taka virkan þátt, fá tækifæri til að sýna sköpunarkraft sinn og frjóa hugsun. Söguaðferðin er aðferð sem byggist á því að sett er á svið atburðarás (saga) með virkri þátttöku nemenda. Sagan getur verið úr raunveruleik-



anum eða ævintýri eftir því sem markmið og námsefni gefa tilefni til. Nemendur skapa og móta persónur og setja sig í þeirra spor. Oft þurfa þeir að setja sig í spor fjölskyldna eða sögupersóna sem standa frammi fyrir erfiðum ákvörðunum. Sagan er sett á svið og unnið með hana með ýmsum hætti, gjarnan þannig að viðfangsefni er tengt mörgum námsgreinum. Söguaðferðin hefur einnig verið nefnd „skoska aðferðin“ enda á þessi útfærsla rætur að rekja til skoskra skólanna sem hafa mótað hana og þróað.

Þessi aðferð virkar einstaklega vel til kennslu í Grundaskóla þar sem leitast er eftir virkri þátttöku nemenda.

Gunnhildur Björnsdóttir

## Hvar eru þau nú? 1978



**Nafn:** Davíð Már Guðmundsson.

**Fjölskylduhagir:** Ég er einhleypur.

**Búseta:** Bý í Reykjavík.

**Hvað ertu að fást við í dag?** Ég starfa sem málari og er á fullu við að mála nýju stúkuna á þjóðarleikfangi okkar Íslendinga.

**Eftirminnilegt atvik úr Grundaskóla:** Ég man alltaf vel eftir heimilisfræðitímunum. Það varð nú yfirleitt aldrei neitt úr neinu í bakstrinum því mér þótti alltaf degið miklu betra en það sem bakað var. Í staðinn fyrir tíu muffins fékk ég kannski tvær því að ég hafði borðað næstum allt degið. Álpappír, plastfilmur, hveiti og egg fóru síðan að koma mikið við sögu. Álpappírinn og plastfilman voru notuð til að bæta stemninguna. Þá tókum við upp á því að kasta eggjum okkar á milli sem yfirleitt enduðu á gólfinu eða uppi á veggjum.

**Lokaorð:** Ég vil óska Grundaskóla, skólustjórnendum, kennurum, öðru starfsfólki og nemendum til hamingju með þennan áfanga og vona að skólinn haldi áfram á sömu braut. Veiti nemendum þann þroska og þá menntun sem hann veitti mér þau tíu ár sem ég var í honum.



# 7. bekkur 2006-2007



Í haust var árgangnum sem samanstendur af 52 nemendum, skipt upp í þrjár bekkjardeildir í stað tveggja. Við nýju umsjónar-kennararnir fengum nemendur til að segja álit sitt á þessum breytingum.

## Nýtt skólaár - ný tækifæri

Tækifærið mitt á þessu skólaári er að ég fæ að kynna nýjum vinum og nýjum kennara. Þetta skólaár verður örugglega bara gott.

Ég kynnist kannski fleirum og ég mun kannski læra meira heldur en í fyrra.

Það er meiri vinnufriður.

## Það sem kom mér mest á óvart þegar biid var að skipta bekkjunum

Að ég fékk sjö nýja bekkjarfélaga og ég er sáttur við skiptin. Ég er kominn með fleiri vini og það er gaman.

Nú vorum við svo fá í bekknum.

Það sem kom mér á óvart var hvað allir tóku þetta rosa nærri sér en samt ekki. Sumir fóru að gráta aðrir urðu kolbrjáláðir, sumir reyndu að hugga félag sína og afgangurinn sveif í skýjunum. En ég veit að allir sættu eða sættu sig við það á endanum.

## Að eignast nýja bekkjarfélaga

Að eignast nýja bekkjarfélaga er mjög gaman og það er mjög skemmtilegt að kynna nýjum krökkum.

Mér finnst frábært að fá nýja bekkjarfélaga því þá kynnist ég fleirum og læri að vinna með fleirum.

Það er gaman að byrja í nýjum bekk og mér finnst það gaman.

Mér fannst gaman í bekknum sem ég var í því þar átti ég góða vini. En þegar ég er í þessum bekk finnst mér miklu miklu betra því

það eru allir svo skemmtilegir við mann.

Það er gaman að eignast nýja bekkjarfélaga þá getur maður eignast nýja og fleiri vini.

## Það sem ég vona að gerist í vetur

Að skólaárið verði skemmtilegt og fræðandi því ég vil læra meira.

Að það verði kennaraverkfall og það megi vera í tölvunni í leikjum.

Ég vona að það verði engin stríðni og að allir verði góðir við alla.

Ég vona að það verði nægur vinnufriður og að öllum liði vel í nýju bekkjunum.

Ég vona að það verði gaman.

Ég vona  
- að þetta verði skemmtilegt skólaár.

- að eitthvað óvænt gerist.

-að krakkarnir frá Danmörku verði skemmtilegir.

-að ég læri ítölsku og að við förum til Ítalíu og líka í bíó.

- að við fáum nýjan kennara.

Mér finnst gaman að fá nýja kennara því mér finnst gaman að breyta til.

Ég er mjög ánægð með kennarann minn og hef alltaf verið ánægð með kennarana sem ég hef fengið.

Að fá nýjan kennara er allt öðruvísi heldur en ég bjóst við. Það er eiginlega allt eins, ekkert svo mikil breyting. Nýi kennarinn er auðvitað með öðruvísi aðferðir en maður lærir þær fljótt. Það er líka gaman að breyta stundum til.

Með þessar fjölbreyttu skoðanir barnanna í huga leggjumst við á eitt að gera þennan vetur bæði lærdómsríkan, skemmtilegan og eftirminnilegan.

Laufey, Steinunn, Vilborg og árgangur 1994.



# „Skólinn er svo dýrmætur“

Rætt við Lúlla húsvörð

Þegar skólinn var stofnaður árið 1981 var Ólafur Þórðarson ráðinn húsvörður en hann hafði áður verið húsvörður Gagnfræðaskólans hér á Akranesi frá því árið 1959. Ólafur starfaði hér við skólann til háustsins 1991 og er eldri starfsmönnum skólans mjög minnisstæður. Á vegg í skrifstofurýmiinu við hliðina á dyrum húsvarðar er innrömmuð mynd af Ólafi og við hlið hennar gömul, svört lykklakippa úr leðri sem hann bar með sér alla sína húsvarðatíð.

Þegar Ólafur lét af störfum tók við núverandi húsvörður skólans, Lúðvík I. Helgason.

Við tókum Lúlla tali þar sem hann var að bjástra við eitthvað inni á sínu verkstæði.

*Eða er þetta ekki verkstæði Lúlli?*

Það má alveg segja það. Þetta er svona sambland af verkstæði, geymslu og skrifstofu.

*Hér úir og grúir af verkfærum. Notar þú þetta allt?*

Já, en mismikið þó. Skrufbor-

vélin er í miklu uppáhaldi hjá mér. Hún er alltaf til taks við hin og þessi verk.

*Nú vita allir að húsakynni okkar hér í skólanum eru frábær. En eru þau húsvarðavæn?*

Húsið er ein til tvær hæðir og ris, samtals um 5000 m<sup>2</sup>. Það eru um 120 metrar frá austurenda að

## Hvar eru þau nú? 1981



*Nafn:* Hrefna Rún Ákadóttir.

*Fjölskylduhagir:* Er í sambúð með Hlína Baldurssyni og eigum við einn grallara, Kristófer Áka tveggja ára.

*Búseta:* Bý á Akranesi.

*Hvað ert þú að fást við í dag:* Í dag er ég í Háskóla Íslands að byrja mitt þriðja ár í félagsráðgjöf, sem að er rosalega skemmtilegt. Með skólanum er ég svo að vinna í Einarbúð.

*Efírminnilegt atvik úr Grundaskóla:* Þegar ég hugsa til baka til áranna í Grundaskóla minnst ég þess hversu gaman þar var, svo góður andi í skólanum. Þegar ég var í 5. bekk var ég umsjónarmaður. Eitthvað hefur mér nú fundist skólastofnan þreytt því ég og Jófríður María ákváðum í sameiningu að BREYTA allri stofunni frá A-Ö. Kennarinn okkar á þeim tíma, Sveinn Kristins var nú ekki þar hrifinn af þessum uppátækjum okkar og fór yfir málin með okkur og lét okkur sitja eftir til að endurræða í stofunni á nýjan leik.

*Lokaorð:* Grundaskóli, Gutti, kennarar og aðrir starfsmenn skólans, innilega til hamingju með afmælið . . . 25 ára, án efa besti aldurinn.

**Jaðarsbakkalaug**

**Opnunartími:**  
Mánudaga til föstudaga  
kl. 6:15 - 21:00  
Laugardaga og sunnudaga  
kl. 9:00 - 18:00

**Rennibraut  
Heitir pottar  
Gufubað  
Þreksalur  
Íþróttasalur  
Fundarsalir  
Gisting fyrir hópa**

**Langisandur**

**Stutt er á milli  
Langasands og  
Jaðarsbakkalaugar  
og því tilvalið  
að skella sér í  
sund eftir langan  
dag á ströndinni**

vesturenda. Þetta er mikið flæmi og í mörg horn að líta.

*Maður getur rétt ímyndað sér að starfið sé erilsamt. Hvað er helst á þinni könnu?*

Það fyrsta er almennt eftirlit. Ég þarf að hafa góða yfirsýn yfir ástand húsakynna og húsgagna. Þá innrétta ég og laga það sem ég get sjálfur en kalla út iðnaðarmenn í stærri verk. Einnig hef ég yfirumsjón með þrifum og panta þær vörur sem til þarf. Á morgnana opna ég skólann og loka honum svo á kvöldin og fylgist með því að útidyrum og gluggum hafi verið kirfilega læst.

*Þú ert það sem danskurinn kallar „altmuligmand“. Er það ekki bara gaman.*

Jú, jú. Starfið er mjög fjölbreytilegt og mikil og góð samskipti við fólk bæði innan og utan húss. En viðhaldið er yfirgripsmikið og krefst þannig forgangsroðunar að ýmislegt situr stundum á hakanum. Það er einna erfiðast að þurfa að hætta í miðjum klíðum við eitthvert verk vegna þess að annað meira aðkallandi krefst bráðrar úrlausnar.


*Ganga nemendur vel um skólann sinn?*

Það er misjafn saður í mörgu fé. Til eru þeir nemendur sem krotta á borð sín og jafnvel stólbök. Það á ég erfitt með að sætta mig við. Varla gera þeir það heima hjá sér. En sem betur fer eru þeir ekki margir. Langflestir ganga vel um.

*Viltu að lokum Lúlli segja nokkur vel valin orð við nemendur Grundaskóla?*

Krakkar. Gangið vel um skólann ykkar. Hann er svo dýrmætur.


Leó Jóhannesson



Orkuveita  
Reykjavíkur



Símar: 431 3202 - 897 8002 - 895 6002




Burðarþolshönnun eininga Óháð veðri og vindum Sveigjanleiki í hönnun

**Forsteyptar einingar**

Skammur byggingartími Meira svigrúm til stjórnunar  
Frelsi í notkun Virkt gæðaeftirlit

**smellinn**

Smellinn hf • Höfðaseli 2 • 300 Akranes • Sími: 433-6000 • Fax: 433-6001 • www.smellinn.is





## Fornbókmenntir í Grundaskóla

Nemendur í Grundaskóla lesa margar fornsögur og stundum fleiri en eina á ári. Í námsskrá skólans eru þrjár fastar í árgöngum. Það eru Hrafnkels saga Freysgoða í 8. bekk. Gunnlaugs saga Ormstungu í 9. bekk og Gísla saga Súrssonar í 10.

bekk. Síðastnefnda sagan hefur mest verið lesin því áratugum saman var hún skyldulesning til samræmds prófs.

Eins og flestir vita þá voru þetta munnmælasögur sem voru færðar í letur um það bil sem við vorum að missa sjálfstæði okkar, einhvern tíma um miðja 13. öld eða þar um bil. Það var mikið afrek að skrifa þær á þessum ófriðartímum en hreint út sagt kraftaverk að þær skyldu varðveitast til dagsins í dag. Þær voru fyrst skrifaðar á skinn, síðar endurskrifaðar á pappír og svo prentaðar til útgáfu í Kaupmannahöfn á síðari hluta 19.aldar. Eintökin sem nemendur Grundaskóla hafa undir höndum eru ekki alveg svo gömul þó að sum eintök Gísla sögu séu reyndar rosalega gömul.

Þegar nemendur hafa komist yfir byrjunarörðugleika við lesturinn þá hafa þeir gaman af þessum sögum. Stundum komast þeir jafnvel svo nærri persónunum og örlögum þeirra að þær verða nánir kunnigjar og atburðirnir ljóslifandi.

Ýmislegt er gert til að auka áhuga nemenda á sögunum. Nú er t.d. verið að undirbúa gerð kvikmyndar hér í skólanum sem byggir að nokkru leyti á Gísla sögu. Sú vinna gengur vel og nemendur uppfullir af áhuga.

Síðastliðið vormisseri var hér valáfangi sem hét „Sögur af útlögum og herskipum.“ Þar var m.a. farið í gegnum Harðar sögu Grímkelssonar en aðalsögu-svið hennar er inni í Hvalfirði og Skorradal. Í lok annarinnar fóru nemendur á sögu-slóðirnar og voru meira að segja svo heppnir að komast alla leið út í Geirshólma. Það var ótrúleg ævintýraferð sem verður lengi í minnum höfð.

Leó Jóhannesson



### Hvar eru þau nú? 1973



**Nafn:** Marta María Birgisdóttir.  
**Fjölskylduhagur:** Sambúð með Erik Nygren og litli prinsinn okkar heitir Hannes Viktor Nygren.  
**Búseta:** Örebro, Svíþjóð.  
**Hvað ert þú að fást við í dag:** Ég vinn hjá EDB Business Partner, við verkefnastjórnun.

**Eftirminnilegt atvik úr Grundaskóla:** Það er erfitt að velja eitthvað eitt, því það væri nú hægt að skrifa heila ritgerð. Fyrirsagnirnar í ritgerðinni gætu verið: Upptökur af Vita Móra, lokaferðalag á Vesturlandi eftir 10. bekk, þjóðdansaæfingar hjá Röggu, samverustundir á teppinu, og bekkjarkvöld í gryfjunni . . .

**Lokaorð:** Ég er ótrúlega stolt af því að hafa fengið mína skólagöngu í Grundaskóla og mér finnst alveg rosalega gaman að sjá hvað skólinn heldur áfram að vera hlýlegur og skemmtilegur. Maður finnur að það er góður andi innan veggja skólans.

### Eftirtaldir aðilar óska Grundaskóla til hamingju með 25 ára afmælið.

Skessuhorn  
Verslunin Bjarg  
Trésmiðjan Akur  
Leikskólinn Vallarsel  
Sementsverksmiðjan  
Golfklúbburinn Leynir  
VÍS  
Mark-stofa  
Mozart  
Galito  
Íslandsgámar


Skaginn  
Hrói höttur  
Straumnes  
HM pípulagnir  
Mark-stofa/ Magnús Ólafsson  
Fasteignamiðlun Vesturlands  
Bifreiðastöð PPP  
Vinnuálastofnun á Vesturlandi,  
Hóperðabílar Reynis Jóhannssonar  
Nína  
Sjúkraþjálfun Georgs Janussonar

**PVC** Gluggar • Sólhýsi  
Hurðir • Svalalokanir



Frábær lausn í bæði gamalt og nýtt: Einbýlið, fjölbýlið, sumarhúsið eða hvar þar sem feðurð og gæði njóta sín.

Hvít Gulleik Maghagony



Hafðu samband og við ráðleggjum þér

Óskum viðskiptavina okkar góðlegrar þjálfunar og fjárfestingar í sögu okkar sem er að fara

**GLUGGA- OG GLERHÖLLIN**

Aglastraut 30 • 300 Akranes • Sími: 431 2028 • Fax: 431 3828  
Netfang: glerhollin@aknet.is • Heimasíða: www.glerhollin.is

Einangrunargler - Öryggisglær - Speglar

# 8. bekkur 2006-2007



## Ég man . . .

Ég man þegar ég og Helga komum of seint í skólann af því að við gáfum ketti nestið okkar á leiðinni, því hann var svo svangur. Þegar við komum í skólann þá hlógu allir kennararnir af okkur og við skömmuðumst okkar svo mikið að við vildum ekki tala um þetta.

Þetta gerðist í öðrum bekk. Þá var verið að sýna okkur kónguló í krukku. Sá sem sýndi okkur hana opnaði krukkuna til að sýna okkur betur. Kóngulóin gerði sér lítið fyrir og stökk úr krukkunni. Við krakkarnir tjúlluðumst og stukkum upp á borð og það munaði meira að segja mjög litlu að ég stigi á hana. En hún náðist að lokum.

Ég man eftir því að við létum alltaf teppi yfir borð og það átti að vera húsið okkar og Emilía var alltaf hundurinn Baby.

Í fyrsta bekk vorum við strákarnir í bekknum bara fimm talsins. Eitt sinn í leikfimi voru þrír þeirra veikir og Benni var í útlöndum,

þannig að ég var eini strákurinn í leikfimi.

Ég man eftir því þegar ég spurði einhverja unglínga: „Viltu koma í box?“

Ég man þegar við Alli mættum hálf tíma of seint í tíma vegna veðurs (það var svo mikið rok).

Ég man þegar við Helga fórum alltaf að skoða dýrabók þegar við vorum leiðar.

Við fórum oft í leik sem hét „Hermannó“ og í honum eru stelpur á móti strákum. Við skiptumst á að reyna að ná öllum og það var hægt að frelsa.


Við skiptumst oft á kexum.

Ég man þegar ég, Peta og Ragnheiður laumuðumst alltaf inn á kaffistofu á yngsta stigi og tókum okkur kex og syurmola. Síðan fórum við upp á háaloft og ég las fyrir þær Evu & Adam bækurnar. Svo hlógum við

alltaf og flissuðum þegar minnst var á kossa.

Ég gleymi aldrei þegar ég og Eydís fórum í hárgreiðsluleik og Eydís klippti þrjá fjórðu af hárinu af mér.

Ég man þegar ég og vinur minn vorum að sparka bolta inni og ég skaut of hátt og braut rúðu. Ég reyndi svo að klofa í gegnum hana og datt þá næstum og glerbrot stakst í rassinn á mér. Ég þurfti síðan að fara til skólastjórans og hann sagði að ég þyrfti að borga rúðuna sem kostaði 500 krónur.



Í fyrsta bekk vorum ég og Hulda báðar skotnar í Eyþóri og við rifumst látráust um það hvor okkar ætti að giftast honum. Einn daginn kom ég með gerviblóm og í kjól í skólann og bað Eyþór um að giftast mér. Í sömu andrá kom Hulda og sló mig á kinnina og sagði: „Eyþór vill ekki giftast þér, þú ert ekki með neinar framtennur“.

Þegar við Einar og Eyþór vorum 6 ára þá tókum við heilan kassa af litlum mjólkurförum, fórum út og grýttum þeim niður af tröppunum sem eru á yngsta stiginu og mjólkin fór út um allt. Þegar það komst upp þá vorum við sendir til




að þrifa það með því að smúla stéttina, það var mjög leiðinlegt.

Ég man þegar ég, Daniel, Halldór og fleiri strákar fórum út að hjóla. Við ákváðum að heimsækja Teit sem ég vissi ekki hvar bjó. Strákarnir sögðu mér bara að vera aftast í röðinni, á leiðinni drógst ég aftur úr og varð fyrir bíl.

Ég gleymi aldrei þegar Halldór sofnaði á teppinu og Sibba kennarinn okkar sagði: „Æ, látið hann bara vera“.

Mér er minnstætt þegar ég og Valdís fengum stundum að borða nestið okkar saman þó að við værum ekki í sama bekk.

Kvæðja frá 8. bekk



Hvar eru þau nú?  
1989



**Nafn:** Ásgerður Hlynisdóttir.  
**Búseta:** Kaupmannahöfn.  
**Fjölskylduhagir:** Ég er það ung, að ég er enn ógift og barnlaus.  
**Hvað ertu að fást við í dag?** Ég er á öðru ári í menntaskólanum Ingrid Jespersen Gymnasieskole í Kaupmannahöfn.

**Eftirminnilegt atvik frá Grunda-skóla:** Það kemur svo ótal margt upp í hugan þegar ég hugsa til baka. Það hafa mörg eftirminnileg atvik átt sér stað, en frá yngri árunum eru það peningaleikirnir sem standa upp úr og þá var svo sannarlega barist um völdin. Við skemmtum okkur einnig alltaf konunglega á öllum íþróttamótum, enda mjög mikill keppnisandi í okkur öllum. Útskriftarferðin í Þórsörk er einnig ógleymanleg, fallegt umhverfi og yndisleg stemning á meðal okkar allra.

**Lokaorð:** Ég hugsa að ég geti talið fyrir hönd allra í árgangnum þegar ég segist eiga fjölmargar jákvæðar minningar úr Grundaskóla. Það var alltaf góður andi í skólanum og okkur krökkunum sýnt mikið traust og virðing. Kennslan hefur einnig gefið góðan undirbúning fyrir framhaldsnám, bæði námslega og félagslega séð.



## Erlent samstarf

- Comenius verkefni -

Grundskóli er um þessar mundir þátttakandi í tveimur alþjóðlegum verkefnum.

Fyrst skal telja spennandi skóla-verkefni þar sem markmiðið er að semja söngleik sem tengja á saman ólíka menningarheima. Frá því segir nánar á síðu 9. bekkjar hér aftar í blaðinu.

Því næst er um að ræða skóla-þróunarverkefni sem unnið er í samstarfi við skóla í Þýskalandi, Frakklandi og Portúgal ásamt okkur í Grundaskóla. Í verkefninu er leitast við að reyna nýjar og fjölbreyttar kennsluáferðir í skólastofunni sem ætlað er að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda á öllum

aldri. Hóparnir hafa hist tvisvar sinnum, fyrst í Anger í Frakklandi og nú síðast í Ulm í Þýskalandi. Þar kynntu hóparnir hvað þeir hafa verið að gera og deildu reynslu sinni af því sem þeir hafa reynt og þróað. Þátttakendur í verkefninu eru umsjónarkennarar 8. bekkjar. Umsjónaraðili verkefnisins er Guðbjartur Hannesson skólastjóri.

Ursula Ásgrimsdóttir



## Vordagar, hippar og ...


Frá því að elstu menn muna hafa kennarar við skólann unnið margvísleg þemu með nemendum. Vordagar eru ein útgáfa af slíkri vinnu; allir nemendur og starfsmenn skólans taka þátt í þeim. Síðastliðin 10 - 15 ár hefur megin áhersla verið lögð á samskipti, blöndun í árgöngum, útivist og leiki.

Vordagar eru yfirleitt fjórir til fimm kennsludagar. Þá er hefðbundin stundaskrá brotin upp og kennslan fer fram í gegnum leiki og mikla útivist. Hver nemandi fær að velja sér svæði, eitt fyrir hvern dag. Þannig blandast 4-6 árgangar saman og hafa nemendur eignast nýja vini við þessa blöndun.

Nemendur bíða spenntir eftir vordögum. Þeir fá jafnvel tækifæri á að fara á hestbak, ganga Akrafjallið, síga með björgunar- sveitarmönnum og margt fleira. Margur einstaklingur vinnur persónulega sigra, fær önnur tækifæri í félagahópi og sýnir sér og öðrum hversu öflugur hann er.

Í fyrra tóku nemendur í 7.-10. bekk þátt í þemanu 7. áratugurinn. Nemendur sáu myndina Hárið og var hún kveikjan að þriggja vikna vinnu.

Fyrstu vikuna fóru nemendur á sjó fyrirlestur sem allir fjölluðu að einhverju leyti um lífið og tilveruna á þessum árum. Þeir voru ansi hissa á hvernig ungt fólk, hipparn-



ir, hagaði sér á þessum árum. Þegar nemendur gerðu sér grein fyrir að foreldrar þeirra eða jafnvel ömmur og afar voru ungt fólk á þessum árum þá átti sko heldur betur að ræða málin heima fyrir!

Seinni tvær vikurnar fóru í alls konar verkefnavinnu sem nemendur sóttu skriflega um og þurftu að rökstyðja val sitt. Þessi tími var frábær, um það voru allir samála. Einhverjir fundu vinsælan mat frá tímabilinu og elduðu hann; aðrir saumuðu hippaföt; enn aðrir unnu heimildaritgerðir um þekktu tónlistarmenn eða heimsþekktar persónur.

Vinnugleðin var mikil og allt í einu voru nemendur ekkert að spá í frímínútur eða skólalok. Þeir lengdu sjálfir skóladaginn því vinnan var svo skemmtileg.

Þessari vinnu lauk með sýningu á því sem nemdur höfðu verið að gera, t.d. bíla, fatnað, ritgerðir, tónlistarmyndbönd og miklu meira.

Vinna við söngleikinn Hungangsflugur og Villikettir hófst á sama tíma en þeirri vinnu lauk seinna með sýningum.

Laufey Karlsdóttir



# 9. bekkur 2006-2007



## Draumaleit og bíómyndir

9. bekkingar eru virkir á listasviðinu

Skólaárið 2006-2007 verður spennandi fyrir árgang 1992 vegna þess að Grundaskóli er þátttakandi í Comeniusarverkefni sem nær hápunkti sínum í vor þegar söngleikurinn Draumaleit verður settur á svið í Grundaskóla. Söngleikur þessi er einstakur vegna þess að hann er samvinnuverkefni nemenda í 4 löndum sem auk Íslands eru: Svíþjóð, Tyrkland og Ítalía.

Efni söngleiksins er byggt á smásögum nemenda þátttökulandanna en eiginlegt handrit var samið af sænska rithöfundinum Magnus Carlbring. Tónlistin er síðan að mestu leyti samin af kennurum þó svo nemendur kæmu þar einnig við sögu.

Draumaleit fjallar um 4 fjölskyldur sem af ýmsum ástæðum ákveða að flytja frá heimalöndum sínum vestur um haf til Bandaríkja-

anna í leit að betra lífi. Sagan gerist fyrir rúmlega 100 árum síðan og mestur hluti hennar fer fram á skipi sem siglir með hóp af innflytjendum til New York. Ýmsir erfiðleikar mæta sögupersónunum á leiðinni eins og sjóræningjar sem reyna að hertaka skipið, sætta þar ólík sjónarmið fólksins sem hefur ólíkan uppruna, ástin blómstrar og á köflum er grínið í algleymingi.

Eins og gefur að skilja er upp-

setning á síkum söngleik mikið verkefni og munu allir nemendur árgangsins taka þátt á einn eða annan hátt. Hanna þarf sviðsmynd, búninga og kynningarefni, þjálfu upp tæknimenn sem sjá um stjórn á hljóði og ljósum auk þess sem 40 leikarar, söngvarar og dansarar munu standa á sviðinu.

Nemendur í 9. bekk eru alls ekki að stíga sín fyrstu spor á lista- brautinni með þessum söngleik því s.l vor sýndu þeir ótrúlega góða spretti í bíómyndagerð, öðru stóru verkefni sem nú er orðinn fastur liður í starfi 8. bekkinga Grundaskóla. Í maí 2006 voru frumsýndar í Bíóhöllinni 3 bíómyndir sem frá grunni voru unnar af nemendum árgangs '92. Þetta voru stórmyndirnar Ólafur enginn vandi, Villta veðmálið og Ástarilmur

Bíómyndagerð í Grundaskóla er unnin í svokölluðum val- og umjónartímum og er í raun eitt stórt leiklistarverkefni. Vinnan hófst með ýmsum spunaverkefnum, dans-, söng- og leiklistaræfingum meðfram því sem nemendur skiptu sér upp í hópa og sömdu handrit að myndunum. 9. bekkingar ættu því að vera vel undirbúnir til að takast á við að setja upp söngleik í fullri lengd n.k. vor.

Þess má síðan geta að haustið 2007 verður söngleikurinn Að upplifa draum, sýndur í Stokkholmi með þátttöku nemenda frá Íslandi, Ítalíu, Tyrklandi og Svíþjóð og fer sú sýning fram á ensku

Hér kemur brot úr texta titillags söngleiksins á 5 tungumálum:

### Enska

*To follow your dream  
Can bring you some joy  
and life in a better world  
To follow your dream  
Might take you away  
From places and memories*

### Sænska

*Kom följ våran dröm'  
Låt drömmen bli sann,  
att bo i ett helt nytt land.  
Kom följ våran dröm,  
Tänk om lite grann,  
Kom hit nu och ta min hand.*

### Ítalska

*Seguire i propri sogni  
Può portare gioia  
E vita in un mondo migliore  
Seguire i propri sogni  
Potrebbe portarti via  
Da luoghi e ricordi*



### Tyrkneska

*Ruyalarýn pesinden gitmek  
Sana nese verir  
Daha iyi bir dunyada hayat verir  
Ruyalarýn pesinden gitmek  
Seni uzaklara goturebilir  
Mekanlardan ve hatiralardan*

### Íslenska

*Að upplifa draum  
Er ánægjan ein  
Við flytjum í annan heim  
Að upplifa draum  
gæti tekið þig burt  
frá fallettum minningum*

*Kveðja frá 9. bekk*



# List- og verkgreinar

Heimilisfræði, myndmennt, smíði, textílmennt og tónmennt

Í Grundskóla hefur alltaf verið lögð áhersla á list- og verkgreinar og fá nemendur skólans kennslu í þessum greinum strax frá upphafi skólagöngu sinnar.

## Húsnæði list- og verkgreina

Til að byrja með voru list- og verkgreinar kenndar í almennum skólastofum. Fór heimilisfræðikennari t.d. úr stofu í stofu með eldavel á litlu borði sem hann rúllaði á undan sér.

Verkgreinastofur voru endanlega teknar í notkun veturinn 1985-1986.



Heimilisfræði í dag - grænmetis-karlar.

## Valkerfið

Á fyrstu árum skólans gafst nemendum kostur á að velja sér svæði í list- og verkgreinum, svo

kallað „rúllandi val“ og völdu nemendur daglega.


Með auknum nemendafjölda og nýjum verkgreinakennurum var ákveðið að nemendur veldu sér eitt valsvæði, þ.e. eina list- og verkgrein, og yrðu þar ákveðinn tímafjöldi, færðu síðan á annað valsvæði og þannig koll af kalli þar til hver nemandi væri búinn að fara á öll valsvæðin. Til varð valkerfi skólans.



Textílmennt í dag - þrjónað í hring.

## Tveggja árganga kerfi - samkennsla

List- og verkgreinar hafa alltaf verið kenndar í samkennslu þ.e. tveimur árgöngum er kennt saman. Í dag eru 1. og 2. bekkur saman í val tímum, 3. og 4. bekkur, 5. og 6. bekkur og 7. og 8. bekkur saman. Síðustu árin hefur heimilisfræði verið fyrir utan þetta kerfi og er kennd í hálfum bekkjum.



Bakstur í heimilisfræði.

## Val/umsjón

Við einsetningu skólans varð breyting á valkerfinu. Búnar voru til tveggja klukkustunda blokkir með val- og umsjónartímum.

Nemandi sem fer fyrst í val, í eina klukkustund, fer síðan í umsjónartíma og öfugt.

Með þessu nýja fyrirkomulagi hefur náðst góð samvinna á milli valkennara og umsjónarkennara.

## Val á unglingastigi

Upphaflega gátu nemendur í 8. - 10. bekk valið sér einhverjar verkgreinar og bóklegar greinar til að stunda nám í, en með nýrri



Fyrir tíma verkgreinastofa.



Fyrir tíma verkgreinastofa.

## Hvar eru þau nú? 1975



**Nafn:** Arnar Geir Magnússon.  
**Fjölskylduhagur:** Er giftur Hörpu Hannesdóttur og eignum við fjögur börn.

**Búseta:** Bý á Akranesi.  
**Hvað ert þú að fást við í dag?** Ég starfa sem lögglumaður á Akranesi.

**Eftirminnilegt atvik úr Grundskóla:** Eitt af mínum upphaldsfögum í Grundskóla var leikfimi og hafði ég ekki getað tekið þátt í leikfimi í nokkurn tíma þar sem ég var að jafna mig eftir handleggisbrot. Minn fyrsti leikfímistími því í langan tíma var eftir hádegi og ég hjólaði heim í hádeginu fullur af eftirvæntingu. Hjólaði ég eftir göngustígnum við Grundirnar og var ég að flýta mér. Vildi ekki betur til en að við Grenigrundina þá hjólaði ég inn í hliðina á bíl. Flaug yfir bilinn, viðbeinsbrotnaði og fékk gat á höfuðið. Varð ég að gera mér það að góðu að sitja og horfa á hina krakkana í leikfimi það sem eftir var vetrarins.

**Lokaorð:** Við vorum afskaplega ánægð með þá kennara sem við vorum með á okkar skólagöngu og þó að einhverjir þeirra hafi brotið á sér hendurnar við að reyna að ala okkur upp þá tel ég að við höfum verið afskaplega lánsöm að hafa haft þetta góða fólk til að kenna okkur. Langflestar minningar mínar úr Grundskóla eru af hinu góða og eins tel ég að aðrir úr mínum árgangi hafi sömu sögu að segja. Það er gaman að rifja upp skólagönguna og skoða myndir frá þeim tíma. Stundum kemur fyrir að maður á erindi í Grundskóla og þá er gaman að sjá hvað skólinn hefur stækkað og breyst. Gamlir nemendur hafa snúið aftur og eru farnir að kenna í skólanum. Ég óska skólanum mínum til hamingju með áfangann og vonandi á skólinn eftir að veita öðrum krökkum eins góðar stundir eins og hann veitti okkur.



Fyrir tíma verkgreinastofa.

námskrá 1999 varð 8. bekkur að fara í allar list- og verkgreinar. Í dag eru það því aðeins nemendur í 9. og 10. bekkur sem hafa þetta val.

## Jóla- og kveðjugjafir

Í list- og verkgreinum hefur verið hefð fyrir því að búa til jólagjafir og jólakort til að senda til hinna ýmsu stofnanna bæjarins. Nemendur hafa síðan borið út gjafirnar með aðstoð kennara. Þegar starfsmaður skólans hættir störfum hefur hann fengið kveðjugjöf frá skólanum sem unnin hefur verið af nemendum skólans undir leiðsögn list- og verkgreinakennara



Tónmennt í dag - tónsmíðar.

## Viðurkenning fyrir góðan árangur í list- og verkgrein

Við útskrift 10. bekkjar er veitt viðurkenning til þess nemanda sem talinn er hafa staðið sig best í list- og verkgreinum.

Friðrika Eygló Gunnarsdóttir



Smíði í dag - sagað og raspað.

Hvar eru þau nú?  
1984




**Nafn:** Sara Karlsdóttir.  
**Fjölskylduhagir:** Kærasti, Elvar Ingi Helgason.  
**Búseta:** Bý í Seljarhverfinu í Reykjavík.

**Hvað ert þú að fast við í dag?** Ég hef lagt stund á Markaðsfræði í Háskóla Íslands og er í fullu starfi á skrifstofu Margt Smátt sem er auglýsingavörufyrirtæki. Einnig vinn ég í hlutastarfi hjá ungrri ferðaskrifstofu sem heitir Iceland Visitor, en þar hef ég unnið við að ónáða útlendinga í um 3 ár.

**Eftirminnilegt atvik úr Grundaskóla:** Þetta gerðist í samverustund inn á teppi í 1. bekk. Ég, litla strákastelpan sat þar í rölegheitum í hringnum og hann Atli kallinn (Atli Þór Agnarsson) tekur sig til og skellir einum rembingsskossi beint á kinnina mína! Ég var svo hissa að ég byrjaði að hágrenja og ég grét svo mikið að ég var nær með ekki fram í 5. bekk! Strákastelpur einfaldlega höndla ekki rómans!

**Lokaorð:** Grundaskóli hefur vaxið mjög mikið á síðastliðnum áratugum og eru breytingarnar ætíð jákvæðar. Mér leið alltaf vel í skólanum, ég mótaðist sem einstaklingur og kynntist mörgum af mínum dýrmætustu vinum á skólagöngu minni.

Til hamingju með afmælið Grundaskóli!



Árgangsbók 10. bekkja:

# Skapandi vinna




Sú skemmtilega hefð er að skapast í 10. bekk að gera veglega árgangsbók með mjög fjölbreytilegum forsiðum. Byrjað var að gera slíkar bækur

fyrir nokkuð mörgum árum. Eins og allt annað skólastarf er þessi vinna í stöðugri þróun.

Það sem sameinar bækurnar í gegnum tíðina eru myndir af nemendum og kennurum og kveðjur til handa þeim.

Það er mjög mismunandi hvað nemendur leggja mikla vinnu í bókina, allt frá því að vera bara myndir af nemendum og kennurum og upp í verkefnasafn, myndasafn og jafnvel vitnisburður vikomandi í gegnum árin. Það er þetta sem gerir bókina skemmtilega enda erum við alltaf að leggja áherslu á að einstaklingurinn njóti sín á sínum forsendum.

Borghildur Jósúadóttir



# Sjávarútvegspema í Grundaskóla

Sjávarútvegspema hefur verið árviss viðburður í 9. bekk síðan 1993. Hugmyndin að baki þemanu er að nemendur fái tækifæri til að kynna sjávarútvegi af eigin raun og vinni samhliða því verkefni sem tengjast sem flestum námsgreinum. Samþætting námsgreina er mikil í þessari vinnu og spannar þemað m.a. samfélagsfræði, náttúrufræði, heimilisfræði, íslensku, tónmennt og jafnvel fleiri greinar.

Þemað tekur 4-5 daga og er þá hefðbundin kennsla lögð á hilluna að mestu á meðan.



Nemendum er skipt í hópa sem hver hefur sitt sérsvið. Verkefni hafa verið mjög mismunandi eftir árum, þó hefur sjávaréttahlaðborðið verið árviss frá upphafi.


Þemað hefur þróast mikið í gegnum árin. Fyrst var algengt að nemendur gerðu plaköt og ritgerðir en nú ber meira á myndböndum, leikþáttum, söng- og dansatriðum og hvers kyns öðru efni sem nemendur kynna og eða flytja á lokakvöldi þar sem foreldrar og aðrir gestir eru mættir. Sérstaklega hefur þáttur tónlistar aukist með árunum. Foreldrar hafa margir aðstoðað okkur við aðdrætti ýmsa og verið okkur innar handar við vinnuna við að útvega fisk og margt fl. Uppskriftahefti og stundum

sönghefti hefur verið gefið út í tengslum við þemað árlega.

Eftirfarandi ummæli eru höfð eftir einum nemanda um þemað: „Mér fannst mjög skemmtilegt og fræðandi í þemanu. Við fengum að smakka framandi og öðruvísi fiskrétti sem við höfðum aldrei bragðað áður. Fórum í heimsókn í frystihús og fengum að sjá vinnsluferlið þar. Sumir mundu hugsa: „Sjávarútvegspema! ógeðslega leiðinlegt“, en það þarf ekki að vera það, ég gerði t.d. mjög skemmtilegt myndband um fisktegund. Ég held að allir hafi gott af svona fræðslu um sjávarútveginn því maður veit ekki jafn mikið og maður telur sig vita. Þetta var mjög gaman og ennþá skemmtilegra ef maður er opinn og jákvæður.“

Katrín Leifsdóttir





## Íþróttir fyrir 25 árum: Hvorki íþróttahús né sundlaug

**Þ**egar Grundaskóli tók til starfa 1981 voru hvorki íþróttahús né sundlaug í nágrenni skólans. Nemendur voru keyrðir í leikfimi, í íþróttahúsið

við Vesturgötu og í sund í Bjarnalaug. Þannig var það í sjö ár.

Árið 1988 voru íþróttamannvirkin á Jaðarsbökkum tekin í notkun, 25m sundlaug og íþróttahús. Þvílík breyting! Búningsklefar íþróttahúss voru fyrst í gamla vallarhúsinu og þurfti að ganga í gegnum anddyri sundlaugar til að komast inn í íþróttasalinn. Nýir búningsklefar komu um tveimur árum seinna.

Vornámskeið 6 ára barna í sundi héldu þó áfram að vera í Bjarnalaug allt til ársins 1996.

Grundaskóli hefur því haft ágæta íþróttastöðu frá 1988. Við höfum fengið afnot af íþróttavelli og æfingarsvæði ÍA, Langisandur hefur upp á margt að bjóða. Einnig er golfvöllurinn og skógræktin stutt frá, nýr sparkvöllur



við skólann svo og skólasvæðið og hinir ýmsu grasbalar í nágrenninu. Þessi svæði höfum við reynt að nota vel í útikennslu sem fer fram á haustin og vorin. Nú í ár verður svo Akraneshöllin tekin í notkun og mun hún þá enn auka á fjölbreytnina.

Allir nemendur Grundaskóla fá þrjú íþróttatíma á viku, tvo í leikfimi og einn í sundi. Að undanskildum 1. bekk sem fær 20 tíma sundnámskeið á vorin.

Í sundi hjá 9. - 10. bekk erum við að vinna að tilraunaverkefni sem kallast hringvegurinn. Eftir hvern sundtíma eru lagðir saman syntar vegalengdir. Til dæmis er fyrsti áfangastaður Borganes, þegar þangað er náð er breytt útaf hefðbundinni kennslu.

Á síðasta skólaári tókst vel til með svokallað „Brosblað“, í 1. og

2. bekk. Þar lögðu nemendur sjálfir mat á getu sína og hvað þeim finnst skemmtilegast. Einnig kom þar fram hvaða leiki og íþróttgreinar þau höfðu lært um veturinn.

Nú í haust tók til starfa Friðstundaskólinn, þar er nemendum í 1. og 2. bekk gefinn kostur á að kynnast hinum ýmsu íþróttatímstundagreinum tvisvar í viku.

Anna og Erna



## Fiskihornið

S:431-2595

Höfum opnað nýja og glæsilega fiskbúð að  
Ægisbraut 29, Akranesi

Fjölbreytt úrval af fiski og fiskréttum

Opið frá kl.10-18  
Verið velkomin

Heddy og Jói



Jólatónar!



### Aðventutónar í sveitinni.

Laugardagur 2. desember kl. 17.

Kammerkór Akraness í Hallgrímskirkju í Saurbæ, Hvalfjarðarsveit.  
Á efnisskránni er Kantata nr. 61 eftir J. S. Bach „Nun komm, der Heiden Heiland“  
sem flutt verður með strengjasveit og einsöngvurum.

Auk þess flytur kórinn fallega aðventutónlist frá ýmsum tímum.

Aðgangseyrir kr. 1500

### Aðventuhátíð í Vinaminni 3. desember kl. 20.

Stúlknaþór Akranesarkirkju flytur helgileikinn  
„Hljóðu jólaþakkunnar“ ásamt sögumönnum.

### Kirkjukór Akraness í hátíðarskapi.

Sunnudagur 17. desember kl. 20.

Falleg og þekkt jólatónlist í vönduðum flutningi.

Einsöngvarar úr röðum kórfélaga.

Tónleikagestum gefst kostur á að taka virkan þátt í söngnum.


Allir velkomnir og aðgangseyrir er enginn.

Stjórnandi kóranna er Sveinn Arnar Sæmundsson.

# Ég man þá tíð . . .

Gamlar myndir úr fórum Rögnu og Valgeirs

Fyrsta myndin? Starfsfólk Grundaskóla veturinn 1982-83. Frá vinstri: Valgeir Gestsson, Elmar Þórðarson, Ólína Jónsdóttir, Ragna Rögnvaldsdóttir, Flosi Einarsson (pipulagningarmaður í afleysingum), Magnús Magnússon, Steinunn Guðmundsdóttir, Jóhanna Karlsdóttir, Guðný Haraldsdóttir, Sigurlaug Guðmundsdóttir, Ásta Egilsdóttir, Guttu, Valdís Valgarðsdóttir, Ása Jónsdóttir, Ólafur Þórðarson.



7.RR við sauðburð að Snorrastöðum vorið 1985. Á myndinni eru Helgi, Jóhann og Jón Þór.

7.RR. sem síðar varð 8. og 9.LJ. Nemandur í fyrsta útskriftarárgangi skólans. Myndin er tekin vorið 1985. Að neðan: Jóhannes Helgason, Hallvarður Jónsson, Bjarki Lüðvíksson, Guðleifur Einarsson, Helgi Jakobsson, Hafðis Hannesdóttir, Kristín Sigurvinsdóttir, Ásdís Viðarsdóttir, Hródný Njardardóttir, Sigríður Indriðadóttir, Margrét Ragnarsdóttir, Ragna Rögnvaldsdóttir, Kristjana Þorvaldsdóttir, Steindóra Steinsdóttir.




2.VG veturinn 1983-84. Efsta röð frá vinstri: Almar Gunnarsson, Valgerður Jónsdóttir, Kjartan Friðriksson, Pétur Guðmundsson, Gísli Óskar Ólafsson, Kári Þór Matthiasson, Edda Ýr, Heiðrún Sigvaldadóttir, María Bergmann, Jón Ævar Pálmason. Miðröð frá vinstri: Pálmi Sveinn Pálmason, Birgir Leifur Hafþórsson, Þórður Ármannsson, Ingimundur Guðmundsson, Hildigunnur Ægisdóttir, Helga Dís Danielsdóttir, Ingibjörg Sigtryggisdóttir, Sturlaugur Friðrik Sveinsson, Erla Inguarsdóttir, Gauti Stefánsson. Fremsta röð frá vinstri: Vignir Elísson, Ester Sigríður Helgadóttir, Christel Björg Rúdólfsdóttir.



Starfsfólk skólans veturinn 1984-85. Frá vinstri: Guttu, Kjartan Guðmundsson, Borghildur Jósúadóttir, Ragna Rögnvaldsdóttir, Ólafur Þórðarson, Steinunn Guðmundsdóttir, Katrín Guðmundsdóttir, Aðalbjörg Ólafsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Ásta Egilsdóttir, Valgeir Gestsson, Jóhanna Karlsdóttir, Ingibjörg Þorkeldsdóttir, Sigurlaug Guðmundsdóttir, Ása Jónsdóttir, Aðalbjörg Benediktsdóttir, Valborg Birgisdóttir, Hafþór Þórhallsson, Elmar Þórðarson, Soffía Guðnadóttir, Guðrún Bentsdóttir, Þóra Grímsdóttir, Elísabet Jóhannesdóttir, Soffía Sigurjónsdóttir.

Brunabíllinn á leikvelli skólans. Smíðaður af foreldrum haustið 1983. Verkstjóri var Elís Þór Sigurdsson. Hannaður eftir dönsku föndurblaði úr fórum Gutta. Vinsælt leiktæki og góður til myndatöku.



# 10. bekkur 2006-2007



## Hugleiðing í upphafi haustanna

Um leið og við komum í 10. bekk breyttist margt. Allt í einu vorum við elst. Við erum ekki alveg búin að átta okkur á því en finnum það svona smátt og smátt. Við finnum það að við berum aðeins meiri ábyrgð og fáum vandasamari verkefni til að takast á við. Við erum t.d. í forystu fyrir nemendaráði og sjáum um brauðsölu. Einnig ætlum við að hjálpa til við gangbrautarvörslu þegar fer að skyggja á morgnana.

Í byrjun september kom hingað fólk frá Rauða krossinum og kynnti fyrir okkur söfnunaráttak fyrir alnæmismituð börn í Afríku. Kynningin hafði mikil áhrif á okkur og við ákváðum að hjálpa til. Söfnunin gekk vel og við vorum mjög ánægð með okkar hlut í því. Svo var

líka bara gaman að ganga í hús, því allir tóku okkur svo vel. Á eftir var öllum boðið í pizzu. Frábært!

Þó að við séum alls engir englar þá finnum við samt fyrir meiri ábyrgð gagnvart yngri nemendum. Þau horfa svolítið á okkur sem fyrirmyndir. Það er auðvitað misjafnt hvernig okkur gengur í því en við erum allavega ákveðin í því að reyna að hafa góðan mórál í skólanum. Skemmtanirnar hafa gengið vel, sérstaklega var gaman á busaballinu og húllumhædeginum.

Námið gengur nokkuð vel en gæti alveg verið betra hjá sumum. Samræmdu prófin eru svolítið komin inn í kollinn á okkur og viljum við helst standa okkur vel í þeim. Við ætlum líka að reyna að vera samtaka í því, hjálpast að og hvetja hvert annað.

Það er ekki hægt að segja annað en að skólaárið hafi byrjað mjög vel og það eru örugglega allir sammála um að við ætlum að halda því þannig. Við erum strax farin að hlakka til vorsins því þá verður farið í Þórsörk.

*Kær kveðja frá 10. bekk*




## Skorradalsferð 10. bekkjar

Það er álit margfróðra að núverandi 10. bekkur sé einn sá áhugaverðasti forever. Ekki bara það að börnin séu svo svakalega hlíðin og góð heldur hafa þau því líka aðlögunarhæfni að undrum sætir. Allt þetta kom vel í ljós þegar farið var með þau í óvissuferð nú síðla á haustdögum.


Það byrjaði reyndar ekki vel því Elís Þór missti áttírnar um leið og komið var út úr bænum og bílstjórinn ruglaðist þar af leiðandi í ríminu. Hann ók næstum því heilan hring í kringum Akrafjallið áður en hann nam loks staðar á þessu líka fina malbikaða plani fyrir fram- an Miðgarð, sem er eins og kunnugir vita tæpa þrjá kílómetra fyrir innan Akranes. Varla var þetta áfangastaðurinn? Lengi vel var því trúað og upphófst kurr og japl og jaml en nota bene alls engin hávær mótmæli. Og fyrr en varði var Ingibjörg búin að drífa liðið í því líkan snúsnú að allt ætlaði um koll að keyra á planinu. Það hefði þess vegna verið hægt að hringsnúast svona áfram allan liðlangan daginn. En það var nú ekki, því þegar leikurinn stóð sem hæst þá var öllum smalað fyrirvaralaust aftur inn í rútu og ekið sem leið lá til baka á Akranes, fram hjá Grundaskóla, vestur Garðagrund og hina leiðina út úr bænum. Aumingja bílstjórinn, því rútan var engin smásmíð, 65 manna og áttatíuogitthvaðmódel í þokkabót. Það vildi farþegum til happs að hann var með fádæmum léttlyndur og hló að þessu öllu saman og átti eftir að hlæja meir.

Þegar komið var í Borgarnes var hins vegar engum hlátur í huga. Borgarnes af öllum stöðum og Skallagrímgarður af öllum gördum! Þar var að og hlustað á sögur í drep. Að vísu klöppuðu allir fyrir Leó að beiðni Elís og hrópuðu húrri fyrir Skallagrími og Ingibjörgu en þegar áfram var haldið að keyra, fyrst í vestur og svo í norður og svo í austur og bílstjórinn með stöðugar hláturrokur þá fékk Elís sko að kenna á því. Sumir vildu fá endurgreitt. Hvaða flílalæti voru þetta eiginlega? Var ekki ferðinni heitið að Laugum í Sælingsdal, í þá finu sveit, til að endurnýja kynnin við Önnu, Jörgen, Kormák og alla hina? Eða var ekki líka búið að tala um Seyðisfjörð, Norrænu og Færeyjar, hafði ekki Linda reddað vegabréfum á laun? Jafnvel Skorradalur væri nú skárri kostur en þessi hringavitleysa.

Á næsta áningarstað var sem allir væru búnir að gleyma raunum sínum. Það var við Hvítárveili í blið-



skapar veðri. Vá, því líkt stórflyót, hvaðan kemur það? Úr Langjökli. Allir út! Hersingin skyldi ganga yfir brúna. Samtals fimm tonn og spurning hvort brúin þylði þann þunga í viðbót við bílinn. Þetta var nú gaman. En svo fór gamanið að kárna þegar Ingvar, Ragnar, Jóí, Fjalar, Kristín, Díana og einhverjir fleiri fóru undir brúna. Þá öskraði Leó í fyrsta skipti, annað og þriðja en ekki það síðasta. Halda þessir krakkar að þeir séu einhverjir tröllkarlar í ævintýri? Vita þeir ekki um lífshættulegan straumbungann? Og enn kárnaði gamanið þegar rútan ætlaði bara ekkert að komast yfir, hún var svo hrikalega löng og breið og bílstjórinn þurfti einhvern veginn að skáskjóta henni inn á brúna. Það voru æsileg augnablik fyrir hópinn að fylgjast með aðförum en allt fór þó á besta veg.



Eftir örlitinn spöl í viðbót komst hópurinn loks til fyrirheitna landsins. Skorradalur skartaði sínu fegursta og allir samtaka í því að eiga þar góða vist. Já, það var gaman í Skorradal. Þegar búið var að koma sér fyrir var legið í fleti og spjallað, maulaður skrinukostur af bestu gerð, spilað og sungið, hlegið og ólmast, spurt og svarað. Hvenær förum við í draugahúsið, hvenær skodum við stjörnur, er ormur í vatninu, má tína ber? Síðan rölt og klifur um næsta nágrenni, þá grillveisla að hætti Elís og heitur pottur fram eftir kvöldi og miðnæturganga inn með vatni að Haga þar sem engin ljós voru leyfð önnur en dauf birta stjarnanna. Stemningin var rómantísk. Síðan fóru allir sælir og saddir að sofa, sumir sváfu litíð og fóru snemma í morgunmat til Ingibjargar. Eina sem skyggði á var stærðfræðikennslan í rútnu á leiðinni heim sem misheppnaðist út af slæmum skilyrðum í kerfinu. En það var nú í lagi því allir voru búnir að læra allt sem mestu máli skipti í svona ferð. Það er að njóta samveru og útiveru í góðra vina hópi og að vera tillitssöm og góð hvert við annað. Svona eiga óvissuferðir að vera, svona eiga tíundubekkingar að vera. Húrri, húrri, húrri.

*Kormákur og félagar.*

# Árshátíð Grundaskóla

Árshátíðin okkar er haldin ár hvert, rétt fyrir páska. Þá fá allir krakkar í 1. - 7. bekk að koma fram og unglíngarnir sýna yfirleitt leikrit sem þeir hafa æft í leiklistarvali. Einnig eru átriði úr hæfileikakeppni nemenda unglíngadeildar, þar sem söngur og ýmis tónlistar- og dansatriði ráða ríkjum.

Yfirskrift árshátíðar er misjöfn milli ára. Dæmi um yfirskrift er „Ást og friður“ og „Metnaður - magnaðir nemendur“.

Sýningarnar eru fjórar og sýningardagar tveir. Fyrri sýning er eftirmiddagsýning og seinni sýning kvöldsýning. Yfirleitt hefur verið uppselt á kvöldsýningarnar og nánast líka á allar miðdegissýningarnar.

Mikil vinna liggur að baki árshátíð, bæði hjá nemendum og kennurum. Uppskeran er líka alltaf eftir því glæsileg og frábær skemmt-




un. Atriðin eru fjölbreytt og reyna kennarar og nemendur að tengja atriðin við námsefni árgangsins. Sem dæmi um það voru 1. bekkingar með trölla- og álfapema síðasta skólavetur og þeirra atriði var einmitt í þeim anda. 5. bekkur sem hafði verið að vinna með goðafræðina var með kynningu á goðunum og leikritið Þrymskviðu. Tónlistarskólinn hefur ávallt

tekið þátt í árshátíðinni og verið með atriði á sýningunni ásamt því að spila fyrir gesti meðan þeir bíða eftir að komast inn í salinn og hefur það verið skemmtilegt innlegg í dagskrána.

Söngur, dans og gleði á alltaf sinn sess í atriðum árshátíðar eins og sést á myndunum hér á síðunni.

Árný Hulda Fríðriksdóttir



PÚLSINN  
72



**GAMAN AÐ SJÁ PIG!**  
Þú færð endurskinsmerki í næsta útibúi Glitnis

GLITNIR

UMFERDARSTOFA

120  
1886  
2006

ike much ab  
ich bitte ab  
mmem (komra með)  
mmem hreute mit

SÝNUM  
NÁMSMÓNUM  
TILLITSSEMI

„Mamma gleymdi að  
vekja mig í morgun.“  
Nemi á fyrsta ári  
í framhaldsskóla.



Landsbankinn  
Banki allra námsmanna

## Náman

Námsmenn glíma við hin ótrúlegustu verkefni meðan á námi þeirra stendur. Okkar hlutverk er að létta undir með þeim þegar mest á reynir.

### Í Námunni færðu:

- bæði debet- og kreditkort
- námsstyrki
- tölvulán
- flugnámslán
- framfærslulán vegna LÍN
- námslán í erlendri mynt
- hagstæðari kjör á yfirdráttarlánum
- Netklúbb Námunnar
- Einkabankann
- 10% afslátt í Apple búðinni
- 50% afslátt af 2 ára fartölvutryggingu hjá TM
- 9 mánuði á verði 6 í World Class Laugum